

VESTURBÆR

— BÆRINN OKKAR —



— VESTURGARÐUR —
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VESTURBÆJAR

ALLT INNAN HVERFIS

Kæri vesturbæingur

Í þennan bækling hefur verið safnað upplýsingum um þá margvíslegu þjónustu sem er í boði í Vesturbænum. Alla þessa nauðsynlegu þjónustu sem gerir okkur kleift að lifa góðu lífi í hverfinu okkar, innan hverfisins. Hér er að finna heildstæðar upplýsingar um þjónustu ekki bara Reykjavíkurborgar heldur líka hins opinbera og einkaaðila.

Hverfið okkar hefur sérstöðu, vel afmarkað af sjónum, Seltjarnarnesi og miðbænum. Nálægðin við Háskóla Íslands hefur áhrif að íbúasamsetninguna og menningu innan hverfisins. Hér höfum við alla þá þjónustu sem sæmir góðu samfélagi.

Reykjavíkurborg hefur þá stefnu að færa þjónustu sína við borgarana nær og gera hana aðgengilegri. Í þeim tilgangi voru þjónustumiðstöðvar skapaðar í hverfunum. Eitt af megin hlutverkum þjónustumiðstöðva borgarinnar er að auka samstarf þeirra sem bjóða fram þjónustu í hverfinu og virkja þá til þátttöku í samfélaginu. Bækling þessum er ætlað að draga fram heildstæða mynd af þeirri þjónustu sem boðið er uppá í hverfinu.

Bæklingurinn sem þú hefur í höndunum segir frá því helsta sem stendur íbúum hverfisins til boða og í framtíðinni er ætlunin að byggja ofan á þessa gagnaöflun. Því er mikilvægt að fá ábendingar frá íbúum svo bæklingurinn og heimasíða Reykjavíkur geti breyst og batnað: [www.reykjavik.is](#) og [www.vesturbaer.is](#)

Tökum saman þátt í að hlúa að uppbyggingu í hverfinu okkar.

Hafir þú ábendingar eða athugasemdir við þjónustu þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Vesturgarðs, nú eða hugmyndir um brýn framfaramál í hverfinu þá hvetjum við þig til að koma þeim á framfæri til okkar. Síminn er: 411 1700 og tölvupóstfangið: [vesturgardur@reykjavik.is](#)

Virðingarfyllt,
Sigþrúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri
Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar

EFNISYFIRLIT

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Alhliða upplýsingamiðlun, húsaleigubætur, umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur, umsóknir um þjónustuíbúðir fyrir 67 ára og eldri, heimaþjónusta, dagþjónusta fyrir eldri borgara, fjárhagsaðstoð, ráðgjöf, félagsleg endurhæfing, sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla, liðveisla, persónuleg ráðgjöf tilsjón og stuðningsfjölskyldur, félagsstarf, félagsauður-hverfastarf, nágrannavarsla, ráðgjöf og upplýsingar, hverfisráð, akstursþjónusta, heimsendur matur, uppeldisnámskeið, Vesturreitir og Þorrasel.

Dagþjónusta og skólar

Dagforeldrar, leikvellir, íbúasamtök, ættfræðiþjónusta, leikskólar, grunnskólar, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, Listaskóli Reykjavíkur, Háskóli Íslands, málaskólar, tónlistarskólar, ReykjavíkurAkademían, Fornleifastofnun Íslands.

Félagsstarf og frístundir

Frístundaheimili, Félagsmiðstöðin Frosti, Frístundaklúbburinn Frosti, Sumarstarf Frostaskjóls, Félagsmiðstöðin Vesturreitir, Vesturbæjarlaug, Skátafélagið Ægisbúar, KR, Mjólnir.

Heilbrigðisþjónusta

Heilsugæsla Seltjarnarness, Heilsugæsla Miðbæjar, Landakotsspítali, Grund.

Kirkjur og trúfélög

Dómkirkjan, Neskirkja, Landakotskirkja, KFUM og KFUK, Rétrúnaðarkirkjan, Baha'i.

Menning og listir

Þjóðminjasafn Íslands, Borgarbókasafn (aðalsafn og bókabíll), Norræna húsið, Stofnun Árna Magnússonar, Sjóminjasafnið Víkin, Kvennasögusafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Safnaráð, Leikminjasafn Íslands, Þjóðarbókhlaðan, Landsbókasafn - Háskólabókasafn.

Útivist

Þjörgunarsveitin Ársæll, Kayakklúbburinn, Íslenski fjallahjólaklúbburinn.

Endurvinnsla

Hverfislögregla

VESTURGARÐUR

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar er ein af sex þjónustumiðstöðvum í Reykjavík. Þar er í boði fjölbreytt þjónusta og ráðgjöf við einstaklinga, fjölskyldur og samstarfsaðila í hverfinu.

Helstu markmið þjónustumiðstöðvarinnar eru að veita góða þjónustu, stuðla að samvinnu og auknum félagsauð. Íbúar, sem búa norðan og sunnan Hringbrautar, í Litla- og Stóra Skerjafirði, geta fengið margvíslega aðstoð og upplýsingar hjá Vesturgarði.



Alhliða upplýsingamiðlun

Í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar er alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu Reykjavíkurborgar. Hægt er að skila inn umsóknum um alla þjónustu borgarinnar og sér þjónustumiðstöðin um að koma þeim til réttra aðila.

Húsaleigubætur

Þeir sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu, og eiga þar lögheimili, eiga rétt á húsaleigubótum. Skilyrði er að leigusamningur sé að minnsta kosti til sex mánaða og sé þinglýstur. Námsmenn sem stunda nám í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi og hafa skráð aðsetur þar eru undanþegnir skilyrði um lögheimili.

Umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur

Reykjavíkurborg hefur til útleigu félagslegar leiguíbúðir á viðráðanlegu verði, ætlaðar Reykvíkingum sem búa við mjög erfiðar félags- og fjárhagsaðstæður.

Umsóknir um þjónustuíbúðir fyrir 67 ára og eldri

Eldri borgarar sem hafa átt lögheimili í Reykjavík í a.m.k. þrjú ár geta sótt um þjónustuíbúð á vegum borgarinnar. Þjónustuíbúðir eru ætlaðar fólki sem þarf meiri aðstoð og stuðning en hægt er að veita í heimahúsi.

Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki annast heimilishald eða persónulega umhirðu hjálparlaust.

Dagþjónusta fyrir eldri borgara

Öryrkjar og eldri borgarar sem búa í heimahúsum og geta ekki annast matseld sjálfir geta sótt um að fá heimsendan mat.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð stendur þeim til boða sem hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum og/eða glíma við félagslegan vanda. Einstaklingar 18 ára og eldri sem eru tekjulausir, eða hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum, eiga rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Að auki er einstaklingum og fjölskyldum heimilt að óska eftir fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna félagslegs vanda og óvæntra áfalla.

Ráðgjöf

Félagsráðgjafar og aðrir sérfræðingar veita einstaklingum og fjölskyldum ráðgjöf, svo sem vegna uppeldis barna, fjárhagsvanda, veikinda, fötlunar, öldrunar og vímuefnavanda.

Félagsleg endurhæfing

Félagsráðgjafar, náms- og starfsráðgjafi og aðrir sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar vinna markvisst með einstaklingum sem þurfa aðstoð við að komast út á vinnumarkað eða í nám. Einstaklingum stendur meðal annars til boða endurhæfingarúrræði Velferðarsviðs, svo sem Kvennasmiðja, Karlasmíðja, Grettistak og HVER.

Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla

Kennsluráðgjafi, sérkennsluráðgjafi, sálfræðingar, félagsráðgjafar og aðrir sérfræðingar veita starfsfólki leik- og grunnskóla ráðgjöf, stuðning og fræðslu. Sérfræðingar annast einnig mat og greiningu vegna skólagöngu og vanda einstakra barna. Jafnframt er unnið að ýmsum skólaþróunarverkefnum.

Liðveisla, persónulegur ráðgjafi, tilsjón og stuðningsfjölskyldur

Einstaklingar og fjölskyldur, sem glíma við fötlun og/eða félagslegan vanda, geta sótt um stuðning í formi liðveislu, persónulegrar ráðgjafar, tilsjónar eða stuðningsfjölskyldu.

Félagsstarf

Stuðningur fyrir margvísleg hverfisverkefni s.s. nágrannavörslu, götuhátíðir og fóstrun garða.



Félagsauður - hverfastarf

Frístundaráðgjafi og aðrir sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar vinna í samvinnu við íbúa, stofnanir og félagsamtök að eflingu félagsauðs í hverfinu.

Ráðgjöf og upplýsingar

- Veitir einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar um nám og störf.
- Aðstoðar einstaklinga við að kanna áhuga sinn, væntingar og hæfileika til að styrkja stöðu sína í námi, leik og starfi.
- Eflir frumkvæði og sjálfstæði einstaklinga við að taka ákvarðanir og finna þær aðferðir og úrræði sem henta hverjum og einum best.

Hverfisráð

Hverfisráð eru starfandi í öllum tíu hverfum borgarinnar. Hlutverk þeirra er að stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis, móta stefnu og gera tillögur til Borgarráðs sem varða verksvið þeirra.

Hverfisráði ber að stuðla að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfinu og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa.

Uppeldisnámskeið

Sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar bjóða reglulega upp á uppeldisnámskeið fyrir foreldra í Vesturbæ.

Hjarðarhagi 45-47
107 Reykjavík
Sími: 411 1700
Netfang: vesturgardur@reykjavik.is
Vefsíða: www.reykjavik.is

VESTURREITIR

Vesturreitir eru hluti af þjónustumiðstöð Vesturbæjar sem er rekin af Reykjavíkurborg. Hún er opin fyrir alla aldurshópa og hefur það meðal annars að markmiði að stuðla að sjálfbæru félagsstarfi, valdeflingu einstaklinga og hópa, og góðri skemmtun!



Félagsmiðstöðin er opin öllum íbúum Reykjavíkur. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá alla virka daga árið um kring, frá kl. 08:00 til kl. 16:00. Meðal þess sem er í boði er listsköpun, hreyfing og skemmtanir. Þá er einnig

hægt að kaupa veitingar, baðþjónustu og hár- og fót snyrtingu.

Í Vesturreitum er aðstaða sem fólk getur nýtt sér fyrir ýmiss konar félagsstarf, klúbba, hópa og fundi. Miðstöðin er góður vettvangur samskipta og skapandi athafna. Þú þarft enga sérstaka ástæðu til að mæta, þú getur komið í mat eða kaffi, kíkt í blöðin, lesið bækur og skoðað þig um, hér er heitur reitur fyrir fartölvur en einnig er borðtölva til notkunar á staðnum.

Í sama húsnæði er einnig til húsa verkstjórn félagslegrar heimaþjónustu Vesturbæjar.

Aflagrandi 40
107 Reykjavík
Sími: 411 2700
Netfang: vesturreitir@reykjavik.is
Vefsíða: www.vesturbaer.is

ÞORRASEL

Þorrasel er dagþjónusta fyrir aldraða einstaklinga sem búa í heimahúsum en þurfa félagslegan stuðning. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að áframhaldandi sjálfstæðri búsetu. Í Þorraseli er boðið upp á tómsundaiðju, léttar leikfimisæfingar, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun.



Umsóknarferli

Umsækjandi þarf að hafa lögheimili í Reykjavík. Senda skal útfyllta umsókn, sem má nálgast á vef Reykjavíkurborgar, á dagdeildina. Með umsókn fylgi upplýsingar frá lækni, hjúkrunarfræðingi og/eða ráðgjafa. Forstöðumaður tekur við umsóknum og boðar umsækjendur í viðtal í kjölfarið.

Einnig er velkomið að panta tíma í heimsókn til að kynna sér staðinn og starfsemina. Hægt er að panta heimsóknartíma í síma 535-2740.

Umsóknir eru metnar fyrir inntöku. Gestir þurfa að hafa hreyfifærni til daglegra athafna.

Þjónustugjöld

Dagdeildin er rekin á daggjöldum frá velferðar-ráðuneytinu og þjónustugjöldum notenda.

Starfsemi

Dvalartími getur verið frá einum og upp í fimm virka daga í viku. Gestir eru sóttir að morgni og þeim ekið heim síðdegis. Bílstjórar aðstoða fólk frá og að heimili ef með þarf.

Í boði er morgunmat, hádegisverður og miðdegiskaffi, félagsstarf, handavinna, léttar leikfimisæfingar, hvíldaraðstaða og aðstoð við böðun. Tölvur og þráðlaust net eru til afnota fyrir gesti. Einnig er hægt að fá sjúkráþjálfun á staðnum.

Að auki eru reglulega skemmtilegar uppkomur og námskeið. Sem dæmi má nefna söngstund við flygilinn, heimsóknir, veislur, ferðir og fræðslu.

Í Þorraseli er vinalegt andrúmsloft og virðing, velferð og virkni gesta í fyrirrúmi.

Vesturgata 7
101 Reykjavík
Sími: 535 2740
Netfang: vesturgardur@reykjavik.is
Vefsíða: www.vesturbaer.is
Facebook: www.facebook.com/torrasel

DAGFORELDRAR

Í Vesturbæ eru sjálfstætt starfandi dagforeldrar en Reykjavíkurborg veitir þeim starfsleyfi og sinnir lögbundnu eftirliti með starfseminni.



Í Vesturgarði starfar daggæsluráðgjafi en auk hans veita þjónustufulltrúar Vesturgarðs nánari upplýsingar um málefni dagforeldra í hverfinu. Lista yfir starfandi dagforeldra má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Vefsíða: www.reykjavik.is

LEIKVELLIR OG RÓLÓ

- Melhagaróló (einnig kallaður Aparóló eða Kókakólaróló), milli Melhaga og Neshaga.
- Róló fyrir aftan Vesturgarð við Hjarðarhaga.
- Kvisthagaróló, fyrir aftan Kvisthaga 7.
- Tómasarhagaróló, fyrir aftan Tómasarhaga 51.
- Dunhagaróló, milli Tómasarhaga og Dunhaga.
- Lynghagaróló milli Lynghaga og Tómasarhaga.
- Bláiróló, milli Bræðraborgarstígs og Túngötu.
- Nýlendugöturóló, milli Nýlendugötu og Vesturgötu.
- Leiksvæði á Landakotstúni.

Að auki má finna fjölmarga aðra leikvelli í Vesturbænum.



ÍBÚASAMTÖK Í SKERJAFIRÐI

Þröðifélagið Skjöldur eru samtök íbúa Skerjafjarðar sunnan flugvallar og voru stofnuð fyrir 12 árum.



Bauganes 37a
101 Reykjavík
Netfang: skerjafjordur@skerjafjordur.is
Vefsíða: www.skerjafjordur.is

ÍBÚASAMTÖK VESTURBÆJAR

Hlutverk Íbúasamtaka Vesturbæjar er að fylgjast með og taka virkan þátt í þróun og mótun Vesturbæjar. Með því að skapa vettvang fyrir umræðu íbúa stuðla samtökin að innihaldsríkara samtali við borgaryfirvöld þegar þarf að standa vörð um umhverfisverðmæti, félagslega innviði sem og menningarleg lífsskilyrði hverfisins.

Þá gera Íbúasamtökin tillögur að úrbótum taka þátt í að skoða hverfið og greina ástandið í dag, til dæmis hvað varðar samgöngumál, leiksvæði, umhverfismál, hugsanlega þörf á félagsheimili, þróun ferðamanna- iðnaðar í hverfinu og margt fleira.

Fastir fundir eru í Fjallahjólaklúbbnum, Brekkustíg 2, síðasta miðvikudag hvers mánaðar.

Hægt er að skrá sig á póstlista hér: ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com

Fylgist með umræðum hér: <https://www.facebook.com/groups/ibuasamtokvesturbaejar/>

GRÍMUR - VINÁTTUFÉLAG



Grímur - vináttufélag eru íbúasamtök í Vesturbæ Reykjavíkur þar sem þungamiðjan er Lynghagaleikvöllurinn. Félagið hyggst stuðla að aukinni notkun vallarins og breyta

honum í lystigarð með þátttöku íbúa og nágretta á öllum aldri

FRÍSTUNDAKORT

Frístundakort – styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglinga með lögheimili í Reykjavík.



Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6-18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða

félagslegum aðstæðum. Styrkurinn er kr. 35.000 á barn á ári en ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum.

Vefsíða: www.reykjavik.is

LEIKSKÓLINN DRAFNDARSTEINN

Leikskólinn **DRAFNDARSTEINN** er sameinaður leikskóli Drafnarborgar og Dvergasteins, sem tók til starfa sem slíkur árið 2011.

Leikskólinn er sex deilda með 122 börnum á tveimur starfsstöðvum, annars vegar við Drafnarstíg og hins vegar við Seljaveg.

Í **DRAFNDARSTEINI** er lögð áhersla á mál, málörvun, skapandi starf og umhverfismennt. Leitast er við að byggja upp frjótt og skapandi umhverfi þar sem börnin fá notið sín og hafa möguleika á að læra af eigin reynslu, umhverfi þar sem áhugi þeirra og athafnapörf eru virkjuð.

Skólinn hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum bæði innlendum og erlendum og hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir.

Dvergasteinn hlaut Hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar árið 2007 og fékk tilnefningu Heimilis og skóla 2010. Verkefnið „Puppet with a mission“ var valið sem fyrirmyndarverkefni Comeniusar 2010.

„Puppets with a green mission“, fékk viðurkenningu á umhverfisráðstefnu í Belgíu og var kynnt á Ríó+20, árið 2012.

Drafnarborg hlaut Grænfánann sumarið 2011 og sameinaður leikskóli **DRAFNDARSTEINS** hlaut hann árið 2013.

Netfang: drafnarsteinn@reykjavik.is
Vefsíða: www.drafnarsteinn.leikskolar.is



Seljavegur 12
101 Reykjavík
Sími: 551 6312

DRAFNBORG



Drafnarborg tók til starfa 13. október 1950 og er fyrsti leikskólinn, sem opnaður er í húsnæði sem byggður er sérstaklega sem slíkur.

Í upphafi var leikskólinn þriggja deilda með börnum í hálf dagsvistun, en árið 1995 var byggt við húsið og það endurskipulagt.

Fyrirkomulagi var breytt og leikskólinn eftir það tveggja deilda með börnum í blandaðri vistun.

Drafnarstígur 4
101 Reykjavík
Sími: 552 3727

DVERGASTEINN

Dvergasteinn tók til starfa haustið 1998, sem tveggja deilda leikskóli. Haustið 2002 var leikskólinn stækkaður um eina deild. Haustið 2011 var húsi bætt á lóðina, sem fjórðu deildinni.

LEIKSKÓLINN GRANDABORG

Leikskólinn Grandaborg hóf starfsemi sína í maí 1985 sem þriggja deilda leikskóli. Breytingar hafa verið á húsnæði leikskólans í gegnum tíðina en árið 2012 varð hann að fimm deilda skóla með 100 börn og að meðaltali 23 starfsmenn. Breyting hefur orðið á leikskólalóðinni og í dag er garðurinn sannkallað ævintýraland.

Leiðarljós leikskólans byggist á grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun. Einkunnarorð Grandaborgar eru; vinátta, samkennd og virðing.



Í næsta nágrenni við leikskólann er íþróttasvæði KR, sundlaug Vesturbæjar og Grandaskóli. Lögð er áhersla á að vera í góðu samstarfi við aðrar skólastofnanir í

hverfinu og frístundaheimili sem og íþróttafélagið KR. Einnig er stutt í fjöruna og miðbæ Reykjavíkur.

Starfsfólk Grandaborgar leggur ríka áherslu á að í þeim fjölbreytileika sem fyrifinnst að vera í góðum samskiptum við hvort annað, við börnin í leikskólanum og aðstandendur þeirra.

Boðagrandi 9
107 Reykjavík
Sími: 562 1855
Netfang: grandaborg@reykjavik.is
Vefsíða: www.grandaborg.is

LEIKSKÓLINN GULLBORG

Leikskólinn Gullborg tók til starfa 1. júlí 1990 sem þriggja deilda leikskóli. Árið 1995 var byggð við hann ein deild ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn. Haustið 2011 stækkaði leikskólinn enn frekar um eina deild og tók við húsnæði sem áður var frístundaheimili fyrir yngstu börnin í Grandaskóla.

Í dag er Gullborg 5 deilda leikskóli með 106 börn og að meðaltali 25 starfsmenn. Leiðarljós í daglegu starfi leikskólans er að styrkja sjálfsmynd og félagsfærni barna sem unnið er gegnum grunnþætti menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.



Unnið er með Barnasáttmálann í skipulögðu starfi sem skiptist í grófum dráttum í þrjá flokka sem fjalla um réttindi barna; vernd, umönnun og þátttöku.

Leikskólinn er í skemmtilegu samstarfi við grunnskóla, leikskóla, íþróttafélag KR og frístundaheimili í vesturbænum.

Í Gullborg starfar saman fjölbreyttur hópur barna, starfsmanna og foreldra að skemmtilegu uppeldisstarfi barna.

Rekagrandi 14
107 Reykjavík
Sími: 562 2455
Netfang: gullborg@reykjavik.is
Vefsíða: www.gullborg.is

LEIKSKÓLINN HAGABORG




Leikskólinn Hagaborg tók til starfa 14. nóvember 1960. Hagaborg er fimm deilda leikskóli þar sem um 103 börn dvelja samtímis. Útisvæðið er rúmgott og einnig er góður íþróttasalur í Hagaborg. Helstu áherslur leikskólans eru *leikur, samskipti, hreyfing, lýðræði og læsi*. Unnið er með könnunaraðferðina og könnunarleikinn. Þar að auki er kennsluáðferðin “Leikur að læra” notuð í Hagaborg. Leiðarljós Hagaborgar eru „vinátta, virðing og hlýja“. Næstu nágrannar eru Melaskóli, Hagaskóli og Neskirkja.



Fornhagi 8
107 Reykjavík
Sími: 5551 0268
Netfang: hagaborg@reykjavik.is
Vefsíða: www.hagaborg.is

LEIKSKÓLINN MÝRI

Leikskólinn Mýri hóf starfsemi í september árið 1989 og er hann til húsa í fjögurra hæða húsi sem byggt var árið 1906. Húsið stóð áður við Tjarnargötu 11 þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur nú, en var flutt á Skerplugötu 1 í Litla-Skerjafirði. Fyrstu árin var leikskólinn foreldrarekinn en foreldrafélagið leigði húsið af Læknafélagi Reykjavíkur. Reykjavíkurborg keypti húsið árið 2000 og tók svo alfarið við rekstri leikskólans árið 2011. Löng hefð er fyrir öflugu og



farsælu samstarfi við foreldra barna í leikskólanum og hefur það haldist þrátt fyrir að reksturinn sé ekki lengur í þeirra höndum. Á Mýri er unnið

í anda framfarastefnunnar, sem kennd er við John Dewey, frumkvæði barnanna og nám í gegnum leik eru lykilatriði í öllu starfi. Leiðarljós leikskólans eru „Samvinna, sköpun, sjálfstæði“ og leitast er við að efla viðsýni og umburðarlyndi meðal barnanna. Árin 1991 – 93 var unnið í leikskólanum þróunarverkefnið „Leikur og leikuppeldi“ og einnig hefur leikskólinn verið þátttakandi í þremur Comeniusarverkefnum. Mýri er Grænfánaleikskóli síðan árið 2011 og er umhverfismennt fléttuð inn í uppeldisstarfið á öllum deildum. Leikskólinn er vel í stað settur, í nágrenninu er að finna óspillta náttúru og græn svæði sem auðvelt er að komast að allan ársins hring.

Skerplugata 1
101 Reykjavík
Sími: 562 5044 og 411 3640
Netfang: myri@reykjavik.is
Vefsíða: www.myri.is

LEIKSKÓLINN SÆBORG



Leikskólinn Sæborg tók til starfa 1993 og er fjögurra deilda. Leikskólinn starfar í anda Reggio Emilia og hefur gert síðan 1998.

Leikskólinn hefur tekið þátt í skipulögðu þróunarstarfi um nálgun og áherslur í Reggio Emilia síðan 1998.

Leikskólinn hefur tekið þátt í fjölda þróunarverkefna og þar á meðal þróunarverkefni um námsbók barnsins og verið í samstarfi við sex aðra leikskóla um þróun starfs í anda Reggio Emilia. Umhverfi leikskólans er mjög heillandi, útsýni yfir sjóinn til Bessastaða og yfir Reykjanesið. Fjaran er í næsta nágrenni leikskólans. Í fjöruna sækjum við efnivið til skrauts og listsköpunar í leikskólanum.



Megináherslur í starfi Sæborgar eru: Að finna leiðir til að skapa umhverfi og aðstæður sem virkja sköpunarafl barna og starfsfólks í leikskólanum. Að gefa barninu tækifæri til að tjá og túlka hug sinn og þekkingu á skapandi hátt. Að tjáning og túlkun í myndlist og tónlist verði virkur hluti af daglegu starfi. Að móta starf leikskólans miðað við þær aðstæður og umhverfi sem við búum við. Að vekja foreldra til umhugsunar um sköpun og skapandi starf með börnum.

Starhagi 11
107 Reykjavík
Sími: 562 3664
Netfang: saeborg@reykjavik.is
Vefsíða: www.saeborg.is

LEIKSKÓLINN VESTURBORG

Markmið Vesturborgar er að efla alhliða þroska barnanna, sjálfstæði þeirra og mikilvægi þess að trúa á sjálfan sig. Einkunnarorð skólans er vinátta og virðing. Við leggjum mikla áherslu á að allir séu vinir, virðing sé borin fyrir skoðunum og að koma fram við alla eins og við viljum láta koma fram við okkur. Þannig á hver einstaklingur að geta notið sín í öruggu umhverfi.



Þann 12. júní árið 1937 var leikskólinn Vesturborg opnaður í nýbyggðu húsi á þeirri lóð sem hann er á í dag, en brann til kaldra kola og byggður var nýr leikskóli sem stendur enn í dag.

Nýi leikskólinn opnaði árið 1979 og var þá tveggja deilda, en árið 1996 varð Skáli (skóladagheimili) þriðja deildin en þar hafa elstu börnin verið. Árið 2008 varð svo Vesturborg fjögurra deilda leikskóli. Á Vesturborg dvelja 78 börn og eru öll börnin með vistun í sex tíma eða meira. Deildirnar á Vesturborg heita í höfuðið á íbúðarhúsunum í Ólátagarði þ.e. Norðurbær (yngsta deildin), Miðbær (miðdeild) og Suðurbær (elsta deild). Einkunnarorð Vesturborgar er: Vinátta og virðing.

Hagamelur 55
107 Reykjavík
Sími: 552 2438
Netfang: vesturborg@reykjavik.is
Vefsíða: www.vesturborg.is

LEIKSKÓLINN TJÖRN

Leikskólinn TJÖRN er sameinaður leikskóli Tjarnarborgar og Öldukots. Sem slíkur tók hann til starfa 2009. Báðir leikskólarnir eru í gömlum húsum sem byggð eru sem einbýlishús en hafa verið aðlöguð nýju hlutverki. Leikskólinn er fjögurra deilda og samtals eru 88 börn í tveimur starfstöðvum, Tjarnargötu og Öldugötu.



Leikskólarnir sameinast undir einkunnarorðunum: **frumkvæði, vinátta og gleði** og hafa það að leiðarljósi í starfi sínu. Skólarnir líta til hugmyndafræði Reggio Emilia, þar sem lögð er

áhersla á lýðræði og á að börn séu skapandi, sjálfstæð, virk og frumkvöðlar í sínu líf. Einkenni Reggio skóla er trú á getu barnanna og trú á að þau hafi vit og vilja til að taka þátt í og móta það starf sem fram fer. Starfið tekur jafnframt mið af þeirri menningu og þeim hefðum sem skapast hafa í hvorum skóla fyrir sig.



Umhverfi leikskólanna býður upp á óendanlega möguleika. Skólarnir er í vöggju sögu og menningar Reykjavíkur, stutt er í söfn og menningarhús svo og á ýmis opin svæði, t.d.

gamla kirkjugarðinn, Hljómskálagarðinn, Landakotstún og Leynigarðinn og m.fl. Skólarnir liggja líka vel við strætóleiðum.

LEIKSKÓLINN TJARNARBORG



Tjarnarborg er einn elsti leikskólinn í Reykjavík, stofnaður 1941. Það er góður andi í þesu gamla, glæsilega húsi við Tjarnargötu. Húsið lét Hannes Hafstein ráðherra, reisa árið 1909 sem ráðherrabústað.

Árið 1941 keypti Barnavinafélagið Sumargjöf húsið og síðan hefur þar verið leikskóli. Tjarnarborg og Öldukot voru sameinaðir 2009 í leikskólann Tjörn. Í Tjarnarborg eru 45 börn sem skiptast á tvær deildir eftir aldri.

Tjarnargata 33
101 Reykjavík
Sími: 551 5798
Netfang: tjarnarborg@reykjavik.is
Vefsíða: www.tjarnarborg.is

LEIKSKÓLINN ÖLDUKOT



Landakotsspítalinn stofnaði Öldukot fyrir börn starfsfólks spítalans árið 1989, í virðulegu gömlu einbýlishúsi sem staðsett er í skjóli hans. 1999 tók Reykjavíkurborg við rekstrinum.

Öldukot og Tjarnarborg voru svo sameinaðir 2009 í leikskólann Tjörn. Í Öldukoti eru 43 börn sem skiptast á tvær aldursskiptar deildir.

Öldugata 19
101 Reykjavík
Sími: 551 4881
Netfang: oldukot@reykjavik.is
Vefsíða: www.oldukot.is

LEIKSKÓLINN ÆGISBORG

Í Ægisborg er höfuðmarkmið leikskóladagsins að njóta lífsins og leitast er við að skapa jákvætt og skemmtilegt lærdómssamfélag barna og fullorðinna byggt á virðingu.



Í Ægisborg er litið þannig á að meginviðfangsefni bernskuáranna snúist um að læra á sjálfan sig og kunna fótum sínum forráð meðal annarra. Þess vegna eru börnunum gefin rík tækifæri til að æfa sig að vera virkir þátttakendur í lifandi samfélagi. Það gera



börnin meðal annars með því að hlæja saman, hrósa, hugga, leika, fá lánað, taka tillit, spjalla, taka ákvarðanir og svo framvegis.

Nærumhverfið skiptir Ægisborgara miklu máli og vettvangsferðir eru tíðar, svo sem í fjöruna og á bókasafnið að ógleymdu áralöngu samstarfi við KR.

Ægisíða 104
107 Reykjavík
Sími: 551 4810
Netfang: aegisborg@reykjavik.is
Vefsíða: www.aegisborg.is

Einkareknir leikskólar með þjónustusamning við borgina

Félagsstofnun stúdenta rekur þrjá leikskóla, og eru tveir af þeim ungbarnaleikskólar eingöngu fyrir nemendur HÍ. Öllum er frjálst að sækja um á Mánagarði.

Leikskólar stúdenta eru forystuskólar HighScope stefnunnar á Íslandi og fyrstir til að sérmennta starfsfólk sitt í HighScope fræðum.

Áhersla leikskólanna er á virkt nám. Að baki virku námi barna liggur persónulegt frumkvæði þeirra og ber að hvetja þau til sjálfstæðra ákvarðana.

Virkt nám á sér stað þegar börn fá tækifæri til að afla sér nýrrar reynslu og þekkingar með hlutum, hugmyndum, atburðum og í samskiptum við aðra.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðum leikskólanna, www.fs.is og á www.highscope.org



Mánagarður er fjögurra deilda leikskóli fyrir 68 börn á aldrinum tveggja til sex ára.

Eggertsgata 34
101 Reykjavík
Sími: 562 3340
Netfang: managardur@fs.is
Vefsíða: www.leikskolinn.is/managardur



Leikgarður er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn sex mánaða til tveggja ára. Í leikskólanum eru 64 börn.

Eggertsgata 14
101 Reykjavík
Sími: 551 8560
Netfang: leikgardur@fs.is
Vefsíða: www.leikskolinn.is/leikgardur



Sólgarður er þriggja deilda leikskóli fyrir 51 barn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.

Eggertsgata 8
101 Reykjavík
Sími: 551 9240
Netfang: solgardur@fs.is
Vefsíða: www.leikskolinn.is/solgardur

LEIKSKÓLINN HÖFN

Í starfi skólans er byggt upp námsferli sem styðst við aðalnámsskrá grunnskóla og nýtir sér framvindu og uppeldisfræðilegan margbreytileika Waldorfstefunnar. Kennarar og starfsmenn skólans gera sér far um að skapa hlý og persónuleg tengsl við alla nemendur.



Sérstaða Waldorfüppeldisfræðinnar á leikskólastiginu er að hún gerir ráð fyrir því að barnið fylgi líkamlegum eðlishvötum sínum og löngunum til þess að þroskast. Leikskólinn er einsetinn og börnin eru á aldrinum átján mánaða til fimm ára.

Marargata 6
101 Reykjavík
Sími: 552 3222
Netfang: marargata@waldorf.is
Vefsíða: www.waldorf.is

LEIKSKÓLINN SKERJAGARÐUR

Einkarekinn tveggja deilda leikskóli með 50 börnum. Einkunnarorð skólans eru “gleði, frumkvæði, sköpun”. Við störfum meðal annars eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Í leikskólanum Skerjagarði er lögð áhersla á



faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Litið er á barnið sem hæfileikaríkan einstakling, sterkan og forvitinn sem er tilbúinn að takast á við ýmsar áskoranir daglegs lífs.

Við teljum að börn læri mest og best í gegnum eigin reynslu og uppgötvun. Allt nám á að veita börnum ánægju og áhuga á að læra meira. Við teljum að góð



samskipti milli barna, starfsfólks og foreldra sé grunnur að góðu skólastarfi. Mörg skemmtileg útivistarsvæði eru í umhverfi Skerjagarðs. Börnin fara oft í vettvangsferðir og sækja efnivið úr náttúrunni.

Stutt er í fjöruna þar sem lífríki hennar er kannað og skoðað. Elstu börnin fara á söfn og sýningar og vinna úr upplifun sinni á fjölbreyttan hátt t.d í myndlist, leir og einingakubbum.

Bauganes 13
101 Reykjavík
Sími: 551 8088 og 848 5213
Netfang: skerjagardur@skerjagardur.is

LEIKSKÓLINN SÆLUKOT

Leikskólinn Sælukot er einkarekinn leikskóli. Hann er rekinn af alþjóðlegu jógahefingunni Ananda Marga. Sælukot hefur starfað í meira en 30 ár og var á sínum tíma brautryðjandi í kennslu jóga og hugleiðslu fyrir börn. Grænmetisfæði þótti einnig nýjung í þá daga en



skólinn býður alfarið upp á slíkan mat. Í dag er eftirspurnin eftir þessari þjónustu langt umfram það sem Sælukot getur annað og er langur biðlisti eftir plássi.

Þorragata 1
101 Reykjavík
Sími: 562 8533 og 844 8275
Netfang: saelukot@gmail.com
Vefsíða: www.saelukot.is

GRANDASKÓLI

Skólinn er í fimm samtengdum álmur með 15 almenn-um kennslustofum, sex sérgreinastofum, námsveri, sérkennsluaðstöðu, tveim tölvuverum, skólasafni og fjölnota sal. Hluti íþróttakennslu nemenda fer fram í Íþróttahúsi KR sem er í nágrenninu. Skólinn er ein-setinn. Í skólanum eru nú sjö hópar með sex til tólf ára nemendum. Við skólann starfa nú 29 kennarar og tíu aðrir starfsmenn.

Frístundaheimilið Undraland, sem ÍTR starfrækir að loknum skóladegi nemenda, hefur aðstöðu í hluta skólahúsnæðisins.



Í gegnum tíðina hefur verið lögð áhersla á tölvunotkun og upplýsingatækni í skólastarfi Grandaskóla og skólinn er vel búinn á því sviði. Mikil hefð er fyrir öflugri list- og verkgreinakennslu í skólanum og er aðstaða fyrir þær greinar með ágætum. Tónlistaruppeldi skipar ríkan sess í skólastarfinu.

Keilugrandi 12
107 Reykjavík
Sími: 411 7120
Netfang: grandaskoli@reykjavik.is
Vefsíða: www.grandaskoli.is

HAGASKÓLI

Hagaskóli, stofnsettur 1. október 1958, er unglingaskóli sem þjónar Vesturbænum, frá flugvelli og Lækjargötu út að Seltjarnarnesi. Hingað sækja nemendur úr Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Skólinn fylgir nýrri, metnaðarfullri stefnu sem allir starfsmenn tóku þátt í að móta.



Í Hagaskóla eru nemendur í blönduðum bekkjum í kjarna námsins en boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í 9. og 10. bekk. Í öllum bóklegum kjarnagreinum er bekkurinn saman í tímum. Reynt er eftir fremsta megni að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur í námi og nýta hæflieika hvers og eins til þess að hann taki framförum í hverri námsgrein. Þeir nemendur sem hafa sértæka námsörðugleika og geta ekki fylgt yfirferð bekkjarins eiga kost á enn sértækari þjónustu í námsveri skólans.

Fornhagi 1
107 Reykjavík
Sími: 535 6500
Netfang: hagaskoli@reykjavik.is
Vefsíða: www.hagaskoli.is

MELASKÓLI

Melaskóli er grunnskóli á Melunum í Reykjavík. Nú eru nemendur tæplega 600 og starfsmenn 70.



Einar Sveinsson arkitekt teiknaði byggingu skólans og listamennirnir Barbara Árnason og Ásmundur Sveinsson komu að hönnun listaverka sem enn prýða skólann. Þegar kennsla hófst í Melaskóla 5. október 1946 tók hann við nemendum úr Skildinganessskóla sem hafði starfað á árunum 1926 til 1946 og sinnt börnum frá Skerjafirði og Grímsstaðaholti. Fyrsta árið sem kennt var í Melaskóla voru nemendur um 850 og kennarar 26. Árið 1999 var ný skólabygging tekin í notkun og þá varð skólinn jafnframt einsetinn.

Hagamelur 1
107 Reykjavík
Sími: 535 7500
Netfang: melaskoli@reykjavik.is
Vefsíða: www.melaskoli.is

VESTURBÆJARSKÓLI

Vesturbæjarskóli er grunnskóli fyrir börn í 1.-7. bekk. Nemendur eru alls 350 í 19 bekkjardeildum. Skólinn er staðsettur við Sólvallagötu milli Framnesvegur og Vesturvallagötu. Skólastarf hefst kl. 08.45 og lýkur kl. 13:45 hjá nemendum í 1.-4 bekk og kl. 14:25 hjá nemendum í 5.-7. bekk. Morgungæsla er á vegum skólans frá kl. 08.00, skrá þarf nemendur í gæsluna hjá ritara.

Mötuneyti er í skólanum og geta nemendur keypt heitan mat í hádeginu.



Börnum og foreldrum er boðið upp á hafragraut á morgnana frá 8.15 - 8.35. Einnig er hægt að kaupa

mjólkurmiða hjá ritara fyrir morgunneðið. Nemendur koma ekki með ritföng eða stílabækur að heiman heldur er sameiginlegur bekkjasjóður og kennarar sjá um þau innkaup. Stoðþjónusta skólans sinnir velferð og menntun barnanna.

Í Vesturbæjarskóla er unnið í anda stefnu Menntasviðs Reykjavíkur "Skóli án aðgreiningar - Skóli fyrir alla". Skólinn reynir að mæta þörfum allra einstaklinga og nám nemenda er einstaklingsmiðað.

Sólvallagata 67
101 Reykjavík
Sími: 562 2296
Netfang: vesturbaejarskoli@reykjavik.is
Vefsíða: www.vesturbaejarskoli.is

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR

Frístundamiðstöðin Frostaskjól býður börnum og unglingum í Vesturbæ upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf þar sem áhersla er lögð á forvarnir og að beina þeim inn á braut heilbrigðs og jákvæðs lífennis. Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf. Uppbygging þjónustu í frítímanum er ein af kröfum nútímans. Þar á að vera vettvangur tómstunda, menntunar, menningar og upplidis undir handleiðslu hæfra starfsmanna.

Í öllum starfseiningum **Frostaskjól**s er unnið með lýðræði, mannréttindi og þátttöku. Í frístundaheimilum



eru barnaráð sem hafa það hlutverk að koma skoðunum og hugmyndum barnanna á framfæri og virkja þau í að taka þátt í lýðræðissamfélagi. Miðstigsráð er fyrir börn í 5.-7.

bekk grunnskólanna í hverfinu. Starfsmenn **Frosta** sjá um nemendaráð/unglingaráð í Hagaskóla og svo er starfandi mjög öflugt Ungmennráð Vesturbæjar þar sem starfsmenn **Frostaskjól**s eru þeim innan handar.

Frístundamiðstöðin virkjar aðila til að vinna saman að verkefnum sem snúa að hverfahátíðum og öðrum viðburðum/verkefnum sem tengjast hverfisbúum og samstarfsaðilum í hverfinu.

Í **Frostaskjól**i starfar stór hópur af fólki á öllum aldri, með fjölbreytta menntun og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum.

Frostaskjól leggur metnað sinn í að veita öfluga og umfangsmikla þjónustu á vettvangi frítímans og býður íbúa hverfisins velkomna til samstarfs.

Félagsmiðstöðvar Frostaskjól

Félagsmiðstöðin Frosti er staðsett í Hagaskóla og er fyrir unglinga í 8.-10.bekk. Félagsmiðstöðin hefur líka aðstöðu í **Frostaskjól**i.



Frístundaklúbbur fyrir börn í 5.-7.bekk er með aðstetur í **Frostaskjól**i. Starf fyrir ungumenni sem lokið hafa grunnskóla, 16 ára og eldri er einnig í **Frostaskjól**i.

Félagsmiðstöðvar starfa samkvæmt Starfsskrá skrifstofu tómstundamála (ÍTR) sem kom út vorið 2007 og er megináherslan lögð á starf fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára. Starf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára er einnig í félagsmiðstöðum. Í starfi félagsmiðstöðva er lögð áhersla á að þjálfa samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni og þátttöku. Síðast en ekki síst er verið að taka þátt í starfi þar sem skýr afstaða er tekin gegn neyslu vímuefna og annarri neikvæðri hegðun. Barna- og unglingalýðræði er hugmyndafræðin sem starfið byggir á og tryggir áhrif barna og unglinga á starfið. Kosningar í miðstigsráð og unglingaráð eru í anda þessarar hugmyndafræði en mikilvægasta hlutverk ráðanna er að virkja sem flesta til þátttöku í starfinu ásamt því að standa fyrir og skipuleggja dagskrána.

Í félagsmiðstöðinni starfa 5-6 starfsmenn í mismunandi stöðuhlutföllum. Margir starfsmenn hafa aflað sér menntunar á sviði uppeldis- og frístundastarfs en auk þess hafa þeir ólíkan bakgrunn og menntun þar sem slík fjölbreytni nýtist vel í starfinu. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og **Frostaskjól** standa einnig fyrir sérsniðnum námskeiðum og þjálfun fyrir starfsmenn. Margvíslegir klúbbar eru starfandi í félagsmiðstöðvunum, farið er í útilægur og árlega er farið í skíðaferð.

Á sumrin breytir félagsmiðstöðin aðeins um takt og er meira á ferðinni um hverfið með ýmsar uppákomur. Einnig er starfandi félagsmiðstöðvarhópur í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur.

Smíðavöllur fyrir börn í 4.-7.bekk er opinn á sumrin og boðið er upp á margs konar smíður fyrir börn í 5.-7.bekk.



Félagsmiðstöðvar **Frostaskjól**s eru aðilar að Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi og unglingunum býst að taka þátt í starfi á þeirra vegum í gegnum sína félagsmiðstöð.

Frístundaheimili Frostaskjól

Frostaskjól hefur umsjón með fjórum frístundaheimilum fyrir börn í 1.-4.bekk í hverfinu, **Selinu** í Melaskóla, **Skýjaborgum** í Vesturbæjarskóla, **Undralandi** í Grandaskóla og safnfrístundaheimilinu **Frostheimum** fyrir 3. og 4. bekk.

Frístundaheimili Frostaskjóls bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur undir leiðsögn starfsmanna. Frístundaheimilin fyrir börn í 1. og 2. bekk eru rekin inni í grunnskólunum en **Frostheimar**, samfrístundaheimili er í Vesturbænum og börnin eru keyrð þangað. Gott samstarf er við aðra tómstundaaðila í hverfinu eins og KR, DoReMí og Myndlistarskóla Reykjavíkur og leitast er við að samþætta vinnudag barna eins vel og hægt er.

Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í hverju frístundaheimili fyrir sig í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila er tengjast börnunum.

Boðið er upp á þjónustu í frístundaheimilum þegar það eru starfsdagar í skólum og einnig í jóla- og páskaeyfum.

Sumarstarf er í öllum frístundaheimilum og er þá boðið upp á heilsdagsþjónustu. Þá er starfið með öðru sniði að því leiti að mikið er um útivist og hver vika hefur sitt þema.

Frostaskjól 2
107 Reykjavík
Sími: 411 5700
Netfang: frostaskjol@itr.is
Vefsíða: www.frostaskjol.is

LANDAKOTSSKÓLI

Landakotsskóli er einn elsti starfandi skóli landsins, stofnaður árið 1896. Skólinn er sjálfstætt starfandi grunnskóli fyrir 1. til 10. bekk ásamt deild fimm ára barna. Einn bekkur er í hverjum árgangi. Fram til 2005 var skólinn rekinn af Kapólsku kirkjunni en hann er nú rekinn sem sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri stjórn.



Skólinn starfar eftir sem áður í húsnæði Kapólsku kirkjunnar við Túngötu í Reykjavík. Um 162 nemendur eru í skólanum.

Skólinn starfar samkvæmt grunnskólalögum og er kennslan í samræmi við aðalnámskrá. Skólinn hefur þó nýtt sér svigrúm til að taka upp ýmsa nýbreytni í skipulagi skólustarfsins með því að stórauka tungu-málakennslu þannig að strax í 5 ára bekk er byrjað á ensku- og frönskukennslu. Á miðstigi koma danska og spænska inn, og á unglingastigi geta nemendur valið spænsku og þýsku.

Túngata 15
101 Reykjavík
Sími: 510 8200
Netfang: solvi.sveinsson.is
Vefsíða: www.landakotsskoli.is

HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Skólinn hefur starfað óslitið frá árinu 1942, ýmist sem heilsársskóli eða í annarri mynd.

Námið nú er ein önn, sem hefst að hausti eða vori, og er metið til 24 eininga.



Nýnemar þurfa að hafa lokið grunnskólaprófi og vera orðnir 16 ára. Skólinn tekur við 24 nemendum, þar af geta 15 búið á heimavist.

Árið 1975 breyttist Húsmæðraskóli Reykjavíkur í Hússtjórnarskólann í Reykjavík og var þá gerður að ríkisskóla. Námið var stytt í eina önn en dag- og kvöldnámskeið haldin í stað fyrri annar.

Árið 1998 var skólinn gerður að sjálfseignarstofnun sem rekin er með framlagi frá ríkissjóði.

Sólvallagata 12
101 Reykjavík
Sími: 551 1578
Netfang: husstjornarskolinn@husstjornarskolinn.is
Vefsíða: www.husstjornarskolinn.is

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur verið starfandi frá árinu 1947. Í dag stunda á annað hundrað nemendur fullt nám við skólann og mörg hundruð nemendur á öllum aldri sækja þar námskeið allan ársins hring. Kennarar eru starfandi myndlistamenn sem eru háskólamenntaðir á sviði sjónlista og með kennsluréttindi og/eða mikla kennslureynslu. Námskeið skólans eru öllum opin og skiptist sá hluti starfsins í námskeið fyrir börn og unglinga (fjögurra til sextán ára) og almenn námskeið á framhaldsskólastigi/símenntun (16 ára og eldri).

Námskeið fyrir börn og unglinga

Boðið er upp á námskeið fyrir börn og unglinga á haust- og vorönn sem eru kennd einu sinni í viku.



Á sumrin og í dymbilviklu eru haldin þriggja til fimm daga námskeið, kennd hálfan daginn. Fyrir yngri börn (fjögurra til fimm og sex til

níu ára) eru í boði almenn myndlistarnámskeið þar sem þau kynnst ólíkum efnum og aðferðum. Fyrir þau eldri (10-12 og 13-16 ára) eru haldin sérhæfðari námskeið, s.s. í teikningu, málun, myndasögugerð, hreyfimyndagerð, leirmótun o.fl. Lögð er áhersla á að hugmynda- og sköpunargleði barnanna fái að njóta sín og ýtt er undir eðlislægan áhuga þeirra á umhverfi sínu. Um leið kynnst börnin aðferðum og heimi

sjónlista í öllum sínum fjölbreytileika. Börn geta hafið nám við skólann á hvaða aldri sem er. Hægt er að nýta frístundakort Reykjavíkurborgar til niðurgreiðslu á námskeiðsgjöldum fyrir börn á aldrinum sex til átján ára.

Almenn námskeið á framhaldsskólastigi/símenntun

Myndlistaskólinn býður á hverri önn upp á grunn- og framhaldsnámskeið á ýmsum sviðum sjónlista, s.s. í teikningu, módelteikningu, málun, vatnslitun, litaskynjun, þrívíðri myndbyggingu, keramik, ljósmyndun



og í myndvinnslu- og uppsetningarforritum. Flest námskeiðin eru kennd einu sinni í viku og er bæði boðið upp á kvöld- og morguntíma. Það er afar fjölbreyttur hópur

sem sækir námskeið skólans, fólk á öllum aldri. Sumir hyggja á áframhaldandi nám í sjónlistum, aðrir vilja einfaldlega læra sér til ánægju og yndisauka. Starfandi myndlistamenn og listgreinakennarar hafa einnig sótt námskeiðin til að bæta við þekkingu sína. Þessi fjölbreytti nemendahópur gerir skólann að afar lifandi og skapandi fræðsluvettvangi. Námskeiðin eru styrkhæf hjá flestum fræðslusjóðum stéttarféлага og eru í flestum tilvikum metin til eininga innan framhaldsskólakerfisins.

Hringbraut 121
107 Reykjavík
Sími: 551 1990
Netfang: mynd@myndlistaskolinn.is
Vefsíða: www.myndlistaskolinn.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskóli Íslands var stofnaður 17. júní árið 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Þá voru deildir hans fjórar og nemendur 45 talsins. Í dag eru deildirnar 25 og nemendur um 15.000. Háskóli Íslands hefur brautskráð yfir 40 þúsund nemendur, sérfræðinga og stjórnendur sem hafa tekið virkan þátt á öllum sviðum íslensks samfélags.



Öflugur háskóli

Við Háskóla Íslands eru fimm fræðasvið, 25 deildir og námsleiðirnar skipta hundruðum. Háskólinn býður fjölbreytt nám á öllum háskólastigum, sveigjanlegar námsleiðir og fjölpætta menntun. Háskóli Íslands er eini háskóli landsins sem býður bæði grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

Kennarar í fremstu röð

Við Háskóla Íslands starfar stór hópur vel menntaðra og þjálfðra kennara sem hefur stundað bæði nám og rannsóknir við virta erlenda háskóla. Alþjóðleg tengsl kennaranna eru því mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi.

Metnaður og gæði

Háskóli Íslands leggur metnað í að taka vel á móti nemendum og tryggja þeim góða menntun. Skólinn leggur áherslu á að uppfylla strangar alþjóðlegar gæðakröfur og gerir miklar kröfur til starfsfólks og nemenda. Með því tryggjum við að prófgráða frá Háskóla Íslands hafi á sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim.

Í hópi 300 bestu háskóla heims

Háskóli Íslands er í hópi 300 bestu háskóla heims samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings. Það er mikil viðurkenning á kennslu- og vísindastarfi skólans og samstarfsaðila.

Alþjóðlegur háskóli

Háskóli Íslands er alþjóðlegur háskóli og kappkostar að skapa ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Orðspor skólans hefur leitt til samstarfssamninga sem gera nemendum kleift að taka hluta af námi sínu við framúrskarandi erlenda háskóla

Háskóli Íslands býður um fjögur hundruð ólíkar námsleiðir og hvergi hér á landi er að finna fjölbreyttara námsframboð. Skólinn skiptist í fimm fræðasvið

og þau skiptast síðan í 25 deildir. Það er því úr nógu að velja og gríðarmargir möguleikar á samsetningu námsins.

Við hvetjum tilvonandi nemendur Háskóla Íslands til þess að kynna sér vandlega allt sem í boði er og leita óhikað ráðgjafar og aðstoðar við valið. Náms- og starfsráðgjöf skólans veitir fúslega góð ráð og ábendingar og sömuleiðis er starfsfólk fræðasviða og deilda ávallt reiðubúið til aðstoðar.

Á www.hi.is eru ítarlegar upplýsingar um allar námsleiðir og er sérstaklega bent á kennsluskrána á vefnum. Þar eru jafnframt upplýsingar um fræðasvið og deildir, skólaárið, skráningu, gjöld, próf og margt fleira sem nemendur þurfa að vita.



Háskólatorg – miðja háskólans

Háskólatorg hýsir allar miðlægar þjónustustofnanir fyrir nemendur: Þjónustuborðið, Alþjóðaskrifstofu, Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaráð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá, jafnréttisfulltrúa, Reiknistofnun og Matsskrifstofu HÍ. Bóksölu stúdenta,

Stúdentakjallarann, veitinga- og skemmtistað stúdenta, og veitingastaðinn Háma. Á Háskólatorgi eru einnig staðsett tölvuver kennslustofur, lesrými og fundarherbergi. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar uppákomur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds.

Nemendafélög við Háskóla Íslands

www.studentarad.is

Tugir nemendafélaga eru starfræktir við Háskóla Íslands og standa þessi félög fyrir félagslífi og uppákomum fyrir nemendur allt skólaárið. Mörg nemendafélög eru innan deilda skólans en einnig eru fjölmörg félagasamtök utan deilda. Stúdentasjóður styður við menningar- og félagsstarf í skólanum og hann veitir styrki til félaga og einstalinga innan skólans.

Samfélag nemenda á vefnum

www.student.is

Student.is er virkur og lifandi vefur stúdenta við háskólann. Þar er að finna allar upplýsingar um félagslífið og lífið í háskólanum. Meistaraneimar í blaða- og fréttamennsku sjá um að skrifa fréttir á vefinn um margvísleg mál sem varða stúdenta, og einnig eru þar sjónvarps- og útvarpsviðtöl. Á vefnum er að finna upplýsingar um þjónustu við stúdenta og hagsmunamál þeirra.

Kórastarf

www.kor.hi.is

Öflugt kórastarf setur svip á félagslífið í Háskóla Íslands. Háskólaórinn kemur fram á margs konar viðburðum á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Við skólann er einnig

starfandi Kvennakór Háskóla Íslands, sem vakið hefur verðskuldaða athygli og heldur tónleika við fjölmörg tilefni.

Leikhús og dans

www.studentaleikhusid.is – www.haskoladansinn.is

Studentaleikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina. Háskóladansinn nefnist dansfélag háskólanema, fótfrár félagsskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi.

Háskólatónleikar

www.hi.is

Háskólatónleikar eru haldnir í Norræna húsinu í hádeginu á miðvikudögum. Efnisskráin er fjölbreytt og er aðgangur ókeypis fyrir nemendur HÍ gegn framvísun stúdentaskírteinis.

Opinn háskóli

www.hi.is

Árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og aðrir viðburðir á vegum Háskóla Íslands opnir almenningi. Um 35 þúsund gestir sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur háskólans sérstaklega velkomnir.

Íþróttahús Háskóla Íslands

www.hi.is/is/skolinn/ithrottahus.

Íþróttahús háskólans við Sæmundargötu er opið öllum nemendum skólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi, leikfimi, þolfimi o.fl.

Nemendur geta að auki pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Á Laugarvatni og við Háteigsveg eru einnig íþróttahús.

Félagslíf og afþreying

Þegar þú byrjar nám við Háskóla Íslands verður þú ekki einungis nemandi í nýjum skóla, þú verður hluti af fjölbreyttu, alþjóðlegu og lifandi samfélagi. Í háskólanum er öflugt félagslíf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Félagsstofnun stúdenta

www.fs.is

Félagsstofnun stúdenta (FS) er þjónustufyrirtæki stúdenta við Háskóla Íslands. FS rekur Bóksölu stúdenta, Hámu, Stúdentakjallarann, Kaffistofur stúdenta, Stúdentagarða, Leikskóla stúdenta og Stúdentamiðlunina.

Stúdentamiðlun

www.studentamidlun.is

Hjá Stúdentamiðlun fer fram miðlun atvinnu og húsnæðis. Öll miðlun fer fram á vefnum. Vefurinn er gagnvirkur, stúdentar sækja sér þjónustu milliliðalaust og fyrirtæki og einstaklingar leita að starfsfólki og leigjendum.

Matsala og kaffistofur

Kaffistofur og matsölur eru víða á háskólasvæðinu. FS rekur Hámu á Háskólatorgi. Þar er mikið úrval af fjölbreyttum, hollum og góðum háskólamat. FS rekur einnig Stúdentakjallarann á Háskólatorgi. Stúdentakjallarinn er veitinga- og skemmtistaður

stúdenta og er opinn frá morgni fram á kvöld alla daga vikunnar. Í húsnæði Menntavísindasviðs er mötuneyti í Fjöru þar sem boðið er upp á heitan mat. Minni kaffistofur eru í mörgum byggingum, flestar reknar



af FS og eru þar ýmsar Hámuvörur einnig fáanlegar. Einnig eru nokkrar einkareknar kaffistofur og aðrar á vegum nemendafélaga.

Stúdentaráð Háskóla Íslands

www.studentarad.is

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmuna- og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan hans. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum nefndum og ráðum innan

skólans og taka því stúdentar ríkan þátt í ákvarðanatöku um starfsemi skólans. Starf Stúdentaráðs er fjölbætt og þangað geta nemendur leitað varðandi fyrirgreiðslu og upplýsingar um flest sín málefni.

Stúdentaráð starfrækir Réttindaskrifstofu stúdenta. Hagsmunafulltrúi stúdenta hefur yfirumsjón með Réttindaskrifstofunni, svarar fyrirspurnum nema sem telja á rétti sínum brotið innan háskólans og getur rekið mál þeirra.

Stúdentagarðar

www.studentagardar.is

Félagsstofnun stúdenta rekur Stúdentagarðana. Upplýsingar og umsóknir eru á vefsíðu Stúdentagarða. Á görðunum búa um 1500 manns. Í boði eru herbergi, einstaklingsíbúðir, tvíbýli, paríbúðir og fjölskylduíbúðir af nokkrum stærðum. Íbúðir fyrir fatlaða eru í flestum húsum. Allir skráðir nemendur Háskóla Íslands geta sótt um húsnæði á görðum. Nýnemar geta sótt um frá 1. júní.

Margvísleg þjónusta við nemendur

Háskóli Íslands er samfélag, í fleiri en einni merkingu, og starfsfólk skólans kappkostar að veita nemendum sem besta þjónustu. Í samstarfi við þjónustustofnanir skólans komum við til móts við þarfir nemenda um húsnæði, atvinnu, mat, barnagæslu o.fl.

Sæmundargata 2
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Netfang: hi@hi.is
Vefsíða: www.hi.is

ALLIANCE FRANÇAISE

Ástæðurnar fyrir því að fólk langar til að læra frönsku eru fjölbreyttar: vegna vinnu sinnar, til að stunda nám í Frakklandi eða einfaldlega ánægjunnar vegna og til að kunna betur að meta franskan lífsstíl og menningu.



Alliance Française í Reykjavík er eini staðurinn á Íslandi þar sem hægt er að taka alþjóðlega viðurkennd próf. Sá (eða sú) sem lærir frönsku í Alliance Française kemst í beint og milliliðalaust samband við franska tungu og menningu, því allir sem læra frönsku hjá okkur hafa aðgang að ýmsum viðburðum sem skipulagðir eru á vegum félagsins í hverjum mánuði, þar að auki hafa nemendur okkar fullan aðgang að safnkosti félagsins og geta fengið lánaðar bækur, DVD myndir og geisladiska.

Almenn frönskunámskeið

Fyrir alla, jafnt byrjendur og þá sem eru með grunnþekkingu eða meira í frönsku. Ef þú hefur einhvern tímann lært frönsku og veist ekki hvaða námskeið hentar þér, pantaðu þá tíma hjá okkur í ráðgjöf og við finnum út úr því – það kostar ekkert.

Samtalsnámskeið

Tölum endalaust! Engar stílabækur og engir pennar! Nú á bara að tala!!! Samtalsnámskeiðin okkar eru fyrir þá sem hafa góðan grunn í frönsku, en vilja ná aukinni færni í að tjá sig betur í töluðu máli um ýmisleg mállefni. Þetta er endalaust námskeið, þ.e. það er hægt að koma inn í námskeiðið á hvaða tímapunkti sem er, en nemandinn skráir sig alltaf á 10 vikna námskeið.



Námskeið fyrir börn

Börn læra tungumál án þess að gera sér grein fyrir því, þess vegna eru yngstu nemendurnir okkar allt niður í 4 ára. Börnin læra frönsku í gegnum leik: hlutverkaleiki, söng, leikbrúður, bíómyndir.

Við bjóðum bæði upp á námskeið fyrir börn sem hafa aldrei lært frönsku og líka þau sem tala frönsku.

Hver aldurshópur fær sérvalda franska kennslubók, sem er valin út frá viðfangsefni kennslunnar.

Tryggvagata 8
101 Reykjavík
Sími: 552 3870
Netfang: alliance@af.is
Vefsíða: www.af.is

TÓNSKÓLINN DO RE MÍ

Tónskólinn Do Re Mi var stofnaður árið 1994 og hefur starfað óslitið síðan. Kennarar eru 17 og nemendur um 190 talsins. Skólinn er starfræktur á efri hæð KR heimilisins að Frostaskjól 2. Skólinn hefur verið í samstarfi við grunnskóla hverfisins og er forskólakennsla skólans kennd þar eftir hefðbundinn skólatíma. Skólinn er styrktur af Reykjavíkurborg og kennir samkvæmt námskrám útgefnum af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



Kennslugreinar

Kennt er á altflautu, bassa, fiðlu, gítar, harmoníku, hörpu, píanó, selló, slagverk og þverflautu. Allir hljóðfæranemendur læra einnig tónfræði.

Frostaskjól 2
107 Reykjavík
Sími: 551 4900
Netfang: doremi@simnet.is
Vefsíða: www.tondoremi.is

SKÓLAHLJÓMSVEIT VESTURBÆJAR OG MIÐBÆJAR

Í hljómsveitinni eru rúmlega 140 nemendur í þremur til fjórum sveitum. Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar hefur verið starfrækt í 55 ár og haft samæfingar í Hljómskálanum við Tjörnina nær allan þann tíma.



Einkatímar eru í skóla hvers nemanda en hljómsveitin er með nemendur úr grunnskólum í Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum.

Á hverju vori fer hljómsveitin í ferðir innanlands og heimsækir aðrar hljómsveitir. Hún fer reglulega í utanlandsferðir og hefur meðal annars tekið þátt í Gautaborgarfestivalinu og farið til Worcester á Englandi.

Hljómskálinn, v/Frikirkjuveg
101 Reykjavík
Sími: 561 4661 og 861 4661
Netfang: lhgrimsson@gmail.is
Vefsíða: www.skolahljomsveitir.is

VESTURBÆJARLAUG

Vesturbæjarlaug er almenningssundlaug í vesturbæ Reykjavíkur. Hún var upprunalega byggð árið 1961, en gerðar voru endurbætur árið 1976 og núverandi búningsaðstöðu bætt við. Árið 1998 var sundlaugakerf endurnýjað ásamt nýjum útiklefum og eimbaði.



Barnalaugin er samtengd aðallauginni sem er 25 m á lengd. Þrír heitir pottar eru með mismunandi hitastigi, vaðlaug fyrir börn stór pottur með 20 nuddstútum. Þar er einnig gufubað og kaldur pottur.

Í Vesturbæjarlaug læra grunnskólabörn úr Hagaskóla, Melaskóla, Vesturbæjarskóla, Landakotsskóla og Grandaskóla sund.

Á vormánuðum 2014 var farið í miklar endurbætur á Vesturbæjarlaug, en þá var pottum fjölgað og aðstaðan bætt til mikilla muna.

v/Hofsvallagötu
107 Reykjavík
Sími: 411 5150
Netfang: vesturbæjarlaug@itr.is
Vefsíða: www.vesturbæjarlaug.is

ÆGISBÚAR

Skátastarfið byggir á þeim gildum sem felast í skátalögum og skátaheiti. Skátar fara í útilegur og ferðalög, þeir syngja og sprella, spila tónlist og klífa fjöll, leika leikrit og sigla á kajökum, smíða, mála, klippa, tálga, dansa og byggja snjóhús – viðfangsefnin eru jafn fjölbreytt og hugurinn girnist.



Meginmarkmið skátahreyfingarinnar er að stuðla að uppeldi og þroska barna, unglinga og ungs fólks af báðum kynjum á þann veg að þeir einstaklingar sem „skátappeldis“ njóta verði sjálfstæðir og sjálfum sér nógir, en jafnframt virkir og ábyrgir samfélagsþegnar. Samfélagsþegnar sem taka þátt í að betrubæta þann heim

sem við búum í, náttúrulegt og menningarlegt umhverfi og samfélag manna, bæði það sem næst okkur er og á alþjóðavísu. Skátahreyfingin starfar eftir sömu gildum í nánast öllum löndum jarðarkringlunnar og er fjölmennasta æskulýðshreyfing í heiminum.

Neshagi 3
107 Reykjavík
Sími: 552 3565
Netfang: skati@skati.is
Vefsíða: www.skati.is

KR

Knattspyrnufélag Reykjavíkur, KR, er samofið íslensku samfélagi. Það er elsta, íslenska knattspyrnufélagið og gegnir lykilhlutverki í íslenskri íþróttahreyfingu.

KR starfrækir metnaðarfullt, faglegt og fjölbreytt íþróttastarf í knattspyrnu, sem og öðrum greinum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi og því markmiði að ná úrvals árangri í afreks- og uppeldisstarfi.



KR hefur á að skipa fjölda hæfra íþróttamanna, leiðtoga, stjórnenda og sjálfbæðaliða og heldur miklum og góðum samskiptum við þúsundir skráðra félaga. Uppeldisstarf félagsins dregur að sér nær öll börn í grunnskólum


Vesturbæjar með sýnilegum árangri á vellíðan þeirra og höfðar auk þess sérstaklega til annarra barna og unglinga með mikinn metnað.

Aðalstöðvar KR við Frostaskjól eru hjarta Vesturbæjarins og miðstöð fjölbreyttrar starfsemi KR-samfélagsins.

Frostaskjól 2
107 Reykjavík
Sími: 510 5300
Netfang: kr@kr.is
Vefsíða: www.kr.is

MJÖLNIR

Mjöltnir er íþróttafélag sem hefur þann tilgang að efla ástandun og keppni lífandi bardagaíþrótta á Íslandi. Félagið leggur stund á blandaðar bardagaíþróttir



(MMA – Mixed Martial Arts), brasilískt Jiu-Jitsu (BJJ), uppgjafarglímu (submission grappling), Kickbox og hnefaleika (box), en þess má geta að Hnefaleikafélag Reykjavíkur starfar innan Mjöltnis. Í Mjöltni fer einnig fram þrekþjálfun eftir kerfi sem kallast Víkingaprek. Þá rekur Mjöltnir öflugt barna- og unglingastarf. Mjöltnir býður

bæði upp á grunnnámskeið í öllu ofangreindu sem og framhaldstíma þegar grunni lýkur. Margir af fremstu bardagaíþróttamönnum Íslands æfa og þjálfast í Mjöltni, m.a. Gunnar Nelson og Árni Ísaksson.

Seljavegur 2
101 Reykjavík
Sími: 534 4455
Netfang: mjoltir@mjoltir.is
Vefsíða: www.mjoltir.is

HEILSUGÆSLA MIÐBÆJAR OG VESTURBÆJAR

Er hverfisstöð sem er ætlað að þjóna íbúum í póst-númeri 101 Reykjavík, undanskilið er háskólasvæðið og Skerjafjörður.

Í afgreiðslu taka móttökuritarar við tímapöntunum, gefa almennar upplýsingar og koma áriðandi skilaboðum til starfsfólks. Nauðsynlegt er að láta móttökuritara vita, þegar mætt er í pantaðan tíma. Þess er eindregið óskað að forföll séu tilkynnt eins fljótt og hægt er, svo nýta megi tímana fyrir aðra.



Íbúar á þjónustusvæði stöðvarinnar geta skráð sig á stöðina og valið heimilislækni í afgreiðslu.

Heilsugæslustöðin er opin alla virka daga frá kl. 8:00 til 18:00

Almenn móttaka lækna og hjúkrunarfræðinga er frá kl. 8:00 til 16:00

Almennur þjónustutími
Virka daga kl. 8:00 - 16:00
Síðdegisvakt alla virka daga kl. 16:00 - 18:00.

Vesturgata 7
101 Reykjavík
Sími: 585 2600
Netfang: midbaer@heilsugaeslan.is
Vefsíða: www.heilsugaeslan.is

HEILSUGÆSLA SELTJARNARNESS

Heilsugæslan á Seltjarnarnesi er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að þjóna íbúum á Seltjarnarnesi og Reykvíkingum í Vesturbæ sunnan Hringbrautar þar með talið háskólahverfi og Skerjafirði.



Ef þú býrð á þjónustusvæðinu getur þú skráð þig á heilsugæslustöðina. Eingöngu þeir sem eru í mæðra- eða ungbarnavernd geta skráð sig hjá lækni.

Í afgreiðslu heilsugæslustöðvarinnar taka móttökuritarar við tímapöntunum, gefa almennar upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar og koma áriðandi skilaboðum til starfsfólks. Nauðsynlegt er að láta móttökuritara vita þegar mætt er í pantaðan tíma.

Almennur þjónustutími
Virka daga kl. 8:00 - 16:00
Síðdegisvakt alla virka daga kl. 16:00 - 18:00

Seltjarnarnes v/ Suðurströnd
170 Seltjarnarnes
Sími: 513 2100
Netfang: seltjarnarnes@heilsugaeslan.is
Vefsíða: www.heilsugaeslan.is

LANDAKOTSSPÍTALI

Í upphafi var St. Jósefsspítali eini kennsluspítali landsins og var hann alla tíð virk menntastofnun fyrir heilbrigðisstéttir. Árið 1976 seldu St. Jósefssystur íslenska ríkinu sjúkrahúsið og var það rekið sem sjálfseignarstofnun til ársloka 1995. Þá sameinaðist St. Jósefsspítali Borgarspítalanum og til varð Sjúkrahús Reykjavíkur.



Á Landakoti fer fram greining og mat á heilsufari aldraðra ásamt endurhæfingu. Í húsinu eru almennar öldrunarlækningardeildir, deild fyrir einstaklinga með heilabilun, sérhæfð lungnadeild, líknardeild og dagdeild. Byltu- og beinverndarmóttaka er hluti af göngudeild og er iðjubjálfi í teymi þar.

Túngata 26
101 Reykjavík
Sími: 543 1000
Netfang: landspitali@landspitali.is
Vefsíða: www.landsspitali.is

GRUND

Hjúkrunarrýmin eru samtals 181. Húsakosti á Grund er skipt í fernt. Í aðalbyggingunni eru fimm hjúkrunardeildir. Fyrir norðan Grund eru Minni Grund, Litla Grund og einnig eru fjórar hjónaíbúðir á Brávallagötu 42 en þar dvelja þeir sem eru betur á sig komnir en njóta sólarhringsvaktþjónustu.



Grund er sjálfseignarstofnun og hét áður Elli- og hjúkrunarheimilið Grund. Grund er elsta starfandi heimili fyrir aldraða hér á landi.

Hringbraut 50
107 Reykjavík
Sími: 530 6100
Netfang: grund@grund.is
Vefsíða: www.grund.is

DÓMKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Dómkirkjan var vígð haustið 1796, fagur helgidómur sem í aldanna rás hefur verið vettvangur helgra og hárra stunda í lífi eintaklinga og samfélags, sem ótal margir borgarbúar eiga dýrmætar minningar um.

Mesti dýrgripur kirkjunnar er skínarfontur Thorvaldsens, sem hann gaf ættjörð sinni árið 1839.

Guðsþjónustur eru alla helgidaga kl. 11.00. Á sama tíma er sunnudagaskóli á kirkjuloftinu, sem er opin öllum og geta foreldrar notið messunnar meðan börnin taka þátt í skemmtilegu og fræðandi barnastarfi. Sunnudagaskólinn og unglingastarf Dómkirkjunnar er tilboð um stuðning við trúaruppeldi foreldra.

Æðruleysismessur eru þriðja sunnudag hvers mánaðar kl. 20.00.

Í hádeginu á þriðjudögum eru kyrrðar og bænastundir í Dómkirkjunni. Þær hefjast með orgelleik kl. 12.00 og lýkur um 12.30. Að þeim loknum er léttur hádegisverður á boðstólum í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, Lækjargötu 14a.

Ungdóm, æskulýðsstarf Dómkirkjunnar, er á þriðjudögum kl. 19.30-21.00 í safnaðarheimilinu.

Alla fimmtudaga, frá hausti fram á vor, er opið hús í Safnaðarheimilinu kl. 13.30-15.30. Kaffiveitingar, gott samfélag og góðir gestir koma í heimsókn.

Um föstutímamann er boðið upp á námskeið um kristna trú undir heitinu Samtal um trú. Er það í Safnaðarheimilinu á miðvikudagskvöldum kl. 18.00



Kirkjunefnd kvenna Dómkirkjunnar var stofnuð 1930 til þess að standa að prýði Dómkirkjunnar. Fundir eru annan mánudag í mánuði kl. 17.30.

Dómkórinn í Reykjavík flytur tónlist og leiðir safnaðarsöng við allar guðsþjónustur í Dómkirkjunni. Kórinn stendur árlega fyrir Tónlistardögum Dómkirkjunnar með metnaðarfullri dagskrá. Kammerkór Dómkirkjunnar syngur við ýmis tækifæri, m.a. setningu Alþingis og við athafnir eins og brúðkaup og útfarir. Organisti og kórstjóri er Kári Þormar. Bach tónleikar öll þriðjudagskvöld kl. 20.30-21:00, Ólafur Elíasson leikur á flygilinn, ókeypis aðgangur.

Þrónakvöld Dómkirkjunnar eru haldin fjórða mánudag í mánuði og byrja kl. 19.00 með súpu og kaffi.

V/Austurvöll
101 Reykjavík
Sími: 520 9700
Netfang: domkirkjan@domkirkjan.is
Vefsíða: www.domkirkjan.is

NESKIRKJA

Nesprestakall nær yfir byggðina í Vesturbænum sunnan Hringbrautar, frá Skerjafirði sem tilheyrir því og að mörkum Seltjarnarness.

Nesprestakall var stofnað 1940 ásamt Laugarnes – og Hallgrímsprestaköllum. Fram að þeim tíma var Dómkirkjan sóknarkirkja allra Reykvíkinga sem tilheyrðu Þjóðkirkjunni.

Kirkjan sjálf var vígð á pálmásunnudag árið 1957. Fyrir nokkrum árum var kirkjan friðuð hið ytra en hún er fyrsta kirkja landsins sem ekki lýtur hefðbundnum stíl í arkitektúr.

Í kirkjunni er að finna tvö glerverk eftir Gerði Helga-dóttur, annað í forkirkju og hitt í kór kirkjunnar.

Árið 1999 var nýtt orgel tekið í notkun og um leið voru gerðar nokkrar breytingar á kirkjunni hið innra.

Safnaðarstarf

Í Neskirkju er öflugt safnaðarstarf fyrir fólk á öllum aldri. Á heimasíðu kirkjunnar er að finna nánari upplýsingar um dagskrá kirkjunnar.

Sjálfbóðaliðar velkomnir

Langar þig til að leggja Neskirkju lið, vera í góðum hópi og gera gagn? Kirkjustarfið í Neskirkju er að aukast og vex aðeins ef fleiri rétta hjálparhönd. Er eitthvað sem þú gætir hugsað þér að gera fyrir kirkjuna þína eða fólkið í sókninni? Störf eru til við allra hæfi, líka þeirra sem eru á unglingsaldri. Hafðu samband og ræddu við starfsfólk kirkjunnar.

Kaffitorgið

Kaffihúsið í nýja safnaðarheimilinu er nú opið virka daga frá kl. 9 til 16. Þar er á boðstólum eðalkaffi. Súpa í hádeginu. Það er gott að koma á kaffitorgið í Neskirkju til að hvíla sig frá erli dagsins en einnig er hægt að taka með sér fartölvuna og nota þráðlausu nettenginguna til að komast á veraldarvefinn.

Skrifstofan er opin frá kl. 10 – 16 virka daga.



Hagatorg
107 Reykjavík
Sími: 511 1560
Netfang: nes Kirkja@neskirkja.is
Vefsíða: www.neskirkja.is

LANDAKOTSKIRKJA

Landakotskirkja, Basilíka Krists konungs eða Kristskirkja er dómkirkja, það er embættiskirkja biskups kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Kirkjan er í vesturbæ Reykjavíkur, í Landakoti.

Nafn kirkjunnar, Dómkirkja Krists konungs, Landakoti, er til heiðurs Drottni allsherjar, Guði og manni. Sérstök hátíð Krists konungs var fyrst haldin árið 1925 af Píusi XI. Kirkjuklukkurnar þrjár eru tileinkaðar Kristi konungi, heilagri Maríu og heilögum Jósef.

Landakotskirkja var byggð í gotneskum stíl og vígð 23. júlí 1929. Turn kirkjunnar var aldrei fullgerður. Vilhjálmur van Rossum, kardináli og sérlegur sendimaður Píusar páfa XI, vígði hana og Guðjón Samúelsson teiknaði hana. Hún þykir brautryðjendaverk, því hún var byggð úr steinsteypu sem var nýjung í byggingu gotneskra mannvirkja.



Hávallagata 14
101 Reykjavík
Sími: 552 5388
Netfang: catholica@catholica.is
Vefsíða: www.catholica.is

KFUM OG KFUK

KFUM og KFUK eru frjáls félagasamtök sem standa á sama grunni og evangelísk-lútherska þjóðkirkjan á Íslandi.

Neskirkja v/Hagatorg
107 Reykjavík
Sími: 511 1560
Netfang: neskirkja@neskirkja.is
Vefsíða: www.neskirkja.is



RÉTTTRÚNAÐARKIRKJAN

Tveir söfnuðir á Íslandi tilheyra Rétttrúnaðarkirkjunni. Söfnuður heilags Nikulásar úr Moskvupatríarkatinu í Reykjavík (rússneska rétttrúnaðarkirkjan á Íslandi) og Fæðing Heilagrar Guðsmóður (serbneska rétttrúnaðarkirkjan).

Öldugata 44
101 Reykjavík
Sími: 699 1212
Netfang: info@orthodox.is
Vefsíða: www.orthodox.is



BAHÁ'Í

Bahá'í trúin eru sjálfstæð trúarbrögð með eigin helgirit, löggjöf, tímatal og helgidaga.

Öldugata 2
101 Reykjavík
Sími: 567 0344
Netfang: nsa@bahai.is
Vefsíða: www.bahai.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun í eigu íslenska ríkisins. Því er ætlað að vera miðstöð þjóðminjavörslu og rannsóknna á menningarsögulegum minjum í landinu.



Sýningar

Grunnsýning safnsins heitir Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár. Leitast er við að draga upp skýra og heillega mynd af menningarsögu Íslendinga og gripir settir í sögulegt samhengi. Auk hefðbundins sýningartexta geta gestir fræðst um menningarsögu Íslendinga með gagnvirkri margmiðlun sem gefur ítarlegri sýn á tímabil í sögu landsins. Margmiðlunin gefur gestum færi á að ráða ferðinni og kafa eins djúpt í efnið og hver og einn vill. Þá eru myndamöppur með útskýringamyndum góð leið til að setja sig í spor forfeðranna og skoða gripi í því samhengi sem þeir gætu hafa verið notaðir. Sjö hljóðstöðvar, hver fyrir 100-200 ára tímabili eru staðsettar á litlu borði með áföstu sæti. Á hljóðstöðvunum er beint símasamband við Íslendinga fyrri tíma en hlusta má á börn og fullorðna segja frá lífi fólks á hverju tímabili. Gestum

býðst að leigja hljóðleiðsögn um grunnsýninguna gegn vægu gjaldi en leiðsögnin er enn önnur leið til að upplifa sýninguna.

Ratleikir eru í boði á mörgum tungumálum en þeir eru ætlaðir allri fjölskyldunni og eru góð skemmtun en um leið fræðandi. Í tilefni af 150 ára afmæli Þjóðminjasafnsins var Sigrún Eldjárn fengin til að myndskreyta ratleikina. Í desember er boðið upp á sérstaka jólaratleiki.

Tekið er á móti skólahópum með sérstökum leiðsögnum sem unnar eru með aðalnámskrá skólanna til hliðsjónar. Skólahópar á öllum stigum þurfa að panta leiðsögn hjá safnkennurum, kennsla@thjodminjasafn.is.

Jóladagskrá Þjóðminjasafnsins er árviss viðburður en jólasveinar heimsækja safnið frá 12.-24. desember.

Boðið er upp á ókeypis barnaleiðsögn mánaðarlega yfir vetrartímann.

Minningarherbergi er stofa með munum og myndum sem ætlaðar eru t.d. öldruðum og alzeimersjúkum en þar er tekið á móti hópum, boðið upp á kaffi og meðlæti og safnkennarar stýra spjalli um ýmislegt í gamla daga og þannig er fólki hjálpað að rifja upp skemmtilega tíma.

Suðurgata 41
101 Reykjavík
Sími: 530 2200
Fax: 530 2201
Netfang: thjodminjasafn@thjodminjasafn.is
Vefsíða: www.thjodminjasafn.is

BORGARBÓKASAFN

Bókasafnið þitt

Borgarbókasafn Reykjavíkur er almenningabókasafn og öllum opið. Það starfar eftir lögum um almenningabókasöfn og hefur að leiðarljósi að veita öllum jafnan aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu.



Bókasafnið eða bókabíllinn í göngufæri

Söfn Borgarbókasafns eru sex og auk þess rekur safnið bókabíllinn Höfðingja. Markmið safnsins er að aldrei sé lengra en einn kílómetri fyrir borgarbúa í næsta safn eða viðkomustað bókabíls.

Ekki aðeins bækur

Á Borgarbókasafni er ekki eingöngu mikið úrval bóka og tímarita á íslensku og erlendum tungumálum til útláns, heldur einnig tónlist, kvikmyndir, hljóðbækur og

tungumálanámskeið, allt endurgjaldslaust. Á söfnunum er auk þess góð aðstaða til að setjast niður, glugga í bækur, tímarit og annað eða bara til að spjalla.

Sjálfsafgreiðsla

Í sjálfsafgreiðsluvélum safnsins gefst lánþegum kostur á að afgreiða sig sjálfir á einfaldan hátt. Þeir geta einnig framlengt útlán á www.gegnir.is.



Börnin á bókasafnið

Börn og ungmenni eru velkomin á Borgarbókasafn og fá þau frítt skírteini til 18 ára aldurs. Í öllum söfnum eru sérstakar barna- og unglingadeildir þar sem hægt er að setjast niður, lesa bækur eða tímarit og láta fara vel um sig. Í aðalsafni er auk þess sérdeild fyrir allra yngstu börnin. Söfnin bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn og unglinga allt árið um kring og á veturna er boðið upp á dagskrá um helgar fyrir alla fjölskylduna. Nemendum í 4. bekk er boðið sérstaklega í safnfræðslu en auk þess eru kennarar hvattir til að koma með nemendur á hvaða aldri sem er í safnfræðslu og heimsókn á safnið.

Alltaf eitthvað nýtt

Á heimasíðu Borgarbókasafns eru upplýsingar um starfsemina, afgreiðslutíma og útlánareglur. Einnig eru þar bókalistar fyrir börn, yfirlit yfir viðburði og sýningar, umfjöllun um nýjar bækur og fleira. Hægt er skrá sig á póstlista og fá þannig reglulegar fréttir af því sem er að gerast á safninu.

Heitt á safninu

Í öllum söfnum eru heitir reitir og geta gestir komið með eigin fartölvur og komist frítt á Netið. Auk þess er aðgangur að tölvum og Netinu gegn vægu gjaldi.

Bókin heim og út á sjó

Borgarbókasafn býður heimsendingaþjónustu fyrir þá sem ekki komast á safnið sökum fötlunar eða aldurs. Safnið lánar einnig bækur til skipa sem og ýmissa stofnana.

Fagleg þjónusta og „starfsmaður að láni“

Á Borgarbókasafni er lögð áhersla á að veita faglega og góða þjónustu til einstaklinga, stofnana og fyrirtækja. Bókaðu starfsmann eða „starfsmaður að láni“ er frí þjónusta og ætluð notendum safnsins sem vilja auka hæfni sína til að leita að heimildum eða upplýsingum hvort sem er á safninu eða á Netinu.

Allt á Netinu

Safnkostur Borgarbókasafns, sem og nær allra bókasafna á landinu, er aðgengilegur á www.gegnir.is og www.leitir.is. Safnið tekur einnig þátt í landsaðgangi að rafrænum gögnum sem finna má á www.hvar.is.

Hafðu áhrif

Allir geta haft áhrif á það efni sem er keypt inn á safnið. Gerðu tillögu að innkaupum á safninu eða á heimasíðu þess!



Auður og undirstaða

Borgarbókasafn státar ekki einungis af góðum safnkosti heldur einnig fjölmönnum og fjölbreyttum hópi starfsmanna sem leggur sig fram við að þjóna gestum safnsins af alúð og metnaði.

Félagarnir Höfðingi og Æringi

Bókabíllinn Höfðingi er í raun lítið bókasafn á hjólum með yfir 40 viðkomustaði víðs vegar um borgina. Sögubíllinn Æringi er litli bróðir Höfðingja og hefur hann það hlutverk að flytja börnum á leikskólum, á frístundaheimilum og víðar, ævintýri og sögur.

Líf og fjör

Safnið tekur þátt í Safnanótt og Menningarnótt, býður upp á bókmenntagöngur á íslensku og ensku, kvöldgöngur á sumrin, ljóðaslamm ungmenna og stendur fyrir fjölbreyttum sýningum og viðburðum fyrir börn og fullorðna allt árið um kring.

Lestur er bestur

Á Borgarbókasafni er lögð rík áhersla á að hvetja börn og ungt fólk til að lesa og tengja saman bókmenntir og sköpun á áhugaverðan hátt. Á sumrin eru haldnar ritsmiðjur fyrir átta til tólf ára börn undir handleiðslu rithöfunda eða myndlistarmanna og árlega er haldið ljóðaslamm þar sem ungt fólk getur spreytt sig á sviði ljóðlistar og flutnings.



Komdu í Kamesið

Kamesið er lítið fjölnotarými í aðalsafni sem er öllum opið. Þar er hægt að sýna kvikmyndir og vídeóverk, lesa upp, segja sögur, vera með kynningar, leiksýningar, tónleika og fleira sem ekki þarfnast mikils rýmis. Þar eru einnig sýningar á völdum kvikmyndum og fræðslumyndum eftir innlenda sem erlenda höfunda.

Fjölmennning

Öflugt fjölmennningarstarf fer fram í Borgarbókasafni. Safnkynningar og ratleikir fyrir innflytjendur sem og aðra. Lesum blöðin saman, og rýnum í það sem er helst á döfinni. Nefna má líka söguhring kvenna, Heilahristing, heimanámsaðstoð fyrir börn og unglinga og Fljúgandi teppi eða menningarmót sem safnið skipuleggur í samvinnu við skóla, leikskóla og aðrar stofnanir.

List að láni, til kaups og sýnis

Artótekið, sem er í aðalsafni, leigir og selur íslenska samtímalist. Hægt er að skila listaverki hvenær sem er á leigutímanum en leiguverðið getur einnig gengið upp í kaupverð.

Bókmenntir.is

Á bókmenntavef Borgarbókasafns eru upplýsingar um íslenska samtímarithöfunda og verk þeirra, umfjöllun um nýjar bækur auk fréttar úr bókmenntaheiminum.

Netfang: borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

Vefsíða: www.borgarbokasafn.is

Vefsíða: www.artotek.is

Vefsíða: www.bokmenntir.is

Vefsíða: www.literature.is

Vefsíða: www.heilahristingur.is

Vefsíða: www.ljodaslamm.is

www.facebook.com/borgarbokasafnreykjavikur

www.twitter.com/borgarbokasafn

Kíktu á bókasafnið

Allir eru alltaf velkomnir á Borgarbókasafn og er ekki nauðsynlegt að eiga skírteini til að nýta sér safnið. Þar er hægt að glugga í dagblöðin, nýjustu tímaritin, fara í tölvur og á Internetið, hitta fólk, fá sér kaffi og hafa það notalegt. Viljir þú hins vegar fá eitthvað að láni, er nauðsynlegt að eiga skírteini, en þau eru frí fyrir börn að 18 ára aldri, fyrir öryrkja og eldri borgara. Aðrir borga árgjald samkvæmt gjaldskrá.



Borgarbókasafn samanstendur af sjö söfnum auk þess sem bókaþill safnsins stoppar á um 40 stöðum víðs vegar um bæinn. Í öllum söfnum eru barnadeildir þar sem hægt er að lesa, leika, teikna, pússla og hafa það skemmtilegt. Hægt er að skoða og fá lánaðar bækur, tímarit, myndbönd, DVD og tónlist. Einnig er mikið um viðburði fyrir börn, t.d. er alltaf dagskrá kl. þrjú á sunnudögum yfir vetrartímann. Fjölskyldumorgnarnar fyrir fjölskyldur með börn frá fæðingu til sex ára aldurs eru haldnir vikulega og eru þeir blanda af skemmtun og fróðleik.

Á safninu er mikið úrval bóka á íslensku og öðrum tungumálum, skáldrit og fræðibækur. Ef þú hefur áhuga á kvikmyndum er einnig hægt að fá lánaðar leiknar myndir og fræðimyndir á DVD og myndböndum. Þeir sem hafa gaman af tónlist ættu líka að finna eitthvað við sitt hæfi því á safninu er mikið úrval af alls konar tónlist, popp, rokk, klassík, hiphop, óperur og svo mætti áfram telja. Manga, Tinni, Ástríkur og Superman eru þarna líka. Áhugamenn um myndasögur ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Aðangur að tölvum og Netinu er á öllum söfnum og ef þú átt sjálfur tölvu geturðu komið með hana og nýtt þér þráðlausa Netið sem stendur öllum til boða.

Það er öflugt fjölmennningarlegt starf á safninu sem er bæði fyrir innflytjendur og innfædda. T.d. má nefna söguhring kvenna sem er haldinn einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og eru allar konur velkomnar. Heimanámsaðstoð er einnig í boði fyrir börn í grunnskóla og ungt fólk í framhaldsskóla. Yfir vetrartímann eru öðru hverju sögustundir á erlendum tungumálum og á sumrin eru bókmenntagöngur um miðbæ Reykjavíkur á ensku.

Borgarbókasafn veitir auk þess margs konar þjónustu og er starfsfólk safnsins alltaf tilbúið að aðstoða og upplýsa safngesti. Bókasafnið býður upp á fjölbreytta viðburði allt árið um kring og leggur áherslu á að þeir séu ókeypis og að allir séu velkomnir.

Tryggvagata 15

101 Reykjavík

Sími: 411 6100

Netfang: borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

Vefsíða: www.borgarbokasafn.is

NORRÆNA HÚSIÐ

Staður innblásturs og skapandi hugsunar



Norræna húsið í Reykjavík var opnað 1968 og er menningarstofnun sem rekin er af Norrænu ráðherranefndinni. Markmið Norræna hússins er að hlúa að og styrkja menningartengsl milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Fram að þessu hefur Norræna húsið skipulagt og haft frumkvæði að margvíslegum menningarviðburðum og sýningum.

Norræna húsið er bæði bakhjarl og þátttakandi í helstu menningarviðburðum Íslands s.s Kvikmyndahátíð í Reykjavík, Bókmenntahátíð Reykjavíkur, Iceland Airwaves, Listahátíð Reykjavíkur og Norræna tískutværingnum en Norræna húsið átti frumkvæðið að þeim viðburði.

Í Norræna húsinu er einnig að finna einstakt bókasafn sem lánar út bókmenntir eingöngu á norrænum

tungumálum. Bókasafnið hefur að geyma um þrjátíu þúsund titla. Þar er, auk bóka, hægt að fá lánaðar hljóðbækur, myndbönd, geisladiska, hljómplötur, nótur, DVD myndir og grafíkmyndir eftir norræna listamenn. Auk þess er í húsinu verslun með norræna hönnun og matvöru, sýningarsalir og tónleika/kvikmyndasalur og veitingastaðurinn Dill sem framreiðir mat eingöngu úr norrænu hráefni.

Norræna húsið er hannað af hinum heimsþekktu finnska arkitekt Alvar Aalto. Hann hannaði einnig húsgögn í flestallar byggingar sínar og í Norræna húsinu eru öll húsgögn og ljós hönnuð af honum.



**Sturlugata 5
101 Reykjavík
Sími: 551 7030
Netfang: nh@nordice.is
Vefsíða: www.norraenahusid.is**

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI

Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta.

Við erum t.d. með sýninguna Handritin sem er í Þjóðmenningarhúsinu. Ókeypis aðgangur er á sýninguna á miðvikudögum.

<http://arnastofnun.is/page/handritasyning>

Einnig tekur safnkennari á móti skólabörnum. Eldri börnin í bænum þekkja það örugglega, hafa farið með bekknum sínum og kennara.

<http://arnastofnun.is/page/skolahopar>

Á vefnum okkar er ýmislegt sem gagnast mörgum við hin daglegu störf. Þá kannski fyrst og fremst síða með leið inn á gagnasöfn þar sem hægt er að fletta upp á orðum, athuga hvernig þau beygjast, hvernig á að skrifa þau, þýða þau á Norðurlandamál og fleira.

Dæmi um þetta eru:

Beyging orða:

<http://bin.arnastofnun.is>

Stafsetningarorðabókin:

http://snara.is/bls/um/_staf.aspx

Málfarsbankinn:

http://arnastofnun.is/page/gagnasofn_malfarsbankinn

Skandinavísk veforðabók:

<http://islex.is>

Ritmálssafn, safn sem spannar tímabilið frá 1540 til nútímans um orð og notkuna þeirra:
http://arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn

Svo má auðvitað alltaf senda inn fyrirspurn:

http://arnastofnun.is/page/hafa_samband

Málræktar-, orðfræði- og nafnfræðisvið (áður Íslensk málstöð, Orðabók Háskólans og Örnefnastofnun) eru á Neshaga 16.



Handrita- og þjóðfræðisvið eru einnig í Árnagarði. Alþjóðasvið (áður Stofnun Sigurðar Nordals) er í Nordalsstofu í Þingholtsstræti 29.

Árnasafn-handritasvið
Bókasafn Árnagarði
Málstöð-Málræktarsvið
Orðabók Háskóla Íslands
Stofa Sigurðar Nordal
Stofnun Árna Magnússonar
Þjóðfræðisafn
Örnefnasafn

**Árnagarður v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4010
Netfang: arnastofnun@hi.is
Vefsíða: www.arnastofnun.is**

SJÓMINJASAFNIÐ VÍKIN

Sérsýningar

Safnið býður upp á fjölbreyttar sérsýningar á hverju ári. Allar eiga þær það sameiginlegt að tengjast hafinu eða sjómennsku á einhvern hátt. Helstu salir fyrir slíkar sýningar eru Hornsilið, Verbúðin og Betri stofan.

Bryggjan

Kaffihúsið Bryggjan er virkilega skemmtilegt kaffihús staðsett í miðju safninu með ótrúlegu útsýni yfir höfnina. Fyrir utan kaffihúsið er glæsileg verönd þar sem hægt er að sitja og snæða. Einnig er hægt að leigja salinn fyrir ýmsa viðburði, veislur, fundi, móttökur, hópefli og fleira.



Safnbúðin Víkin

Sjóminjasafnið hefur að geyma mjög skemmtilega safnbúð. Þar er leitast við að selja vandaðar íslenskar vörur frá ýmsum hönnuðum alls staðar af landinu. Minjagripir, gjafavörur, leikföng, fræðirit, bækur fyrir börnin, hljómdiskar með þjóðlegri tónlist og að auki gott úrval af áhugaverðum DVD diskum.

Fundar- og veislusalir

Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík hefur nokkra skemmtilega sali til útleigu fyrir fundi, fyrirlestra og veislur. Safnið er vel staðsett og útsýnið yfir höfnina einstakt.

Veisluþjónustan Kokkurinn sér um allar veitingar fyrir móttökur og veislur. Vinsamlegast hafið samband við Snorra á snorri@kokkurinn.is eða á síma 571 0960 / 862 9010

Vinsamlegast hafið samband við Sigrúnu í síma 517 9400 eða á netfangið sol@sjominjasafn.is varðandi fyrirspurnir.

Hornsilið

Hornsilið er u.þ.b. 80 fm salur á annarri hæð safnsins, tilvalinn til fyrirlestra, funda eða kvikmyndasýninga. Skjávarpí, tússtafla og nettenginger í salnum. Passar fyrir 60-80 manns í sæti þegar um bíóuppröðun er að ræða, færri ef sitja þarf við borð.

Verbúðin

Verbúðin er u.þ.b. 100 fm salur á fyrstu hæð safnsins, tilvalin fyrir fundi, fyrirlestra eða kvikmyndasýningar. Skjávarpí og tússtafla er í salnum. Passar fyrir 60-80 manns í sæti þegar um bíóuppröðun er að ræða, færri ef sitja þarf við borð.

Grandagarður 8
107 Reykjavík
Sími: 517 9400
Netfang: sjominjasafn@sjominjasafn.is
Vefsíða: www.sjominjasafn.is

KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS

Kvennasögusafn Íslands miðlar þekkingu um kvennasögu og rannsóknir og aðstoðar við öflun heimilda. Það er eina safnið sinnar tegundar á Íslandi. Safnið er sérstök eining í Landsbókasafni, Þjóðarbókhöfðu.

Hallveigarstaðir er húsið að Túngötu 14 í Reykjavík. Það var byggt af kvennasamtökum og ætlað að vera miðstöð þeirra. Kvennaheimilið var vígt árið 1967. Það var nefnt Hallveigarstaðir í minningu Hallveigar Fróðadóttur, fyrstu húsfreyjunnar í Reykjavík, eiginkonu Ingólfs Arnarsonar. Kvenfélagasamband Íslands, Bandalag kvenna í Reykjavík og Kvenréttindafélag Íslands hafa aðstöðu í húsinu.


Kvennaheimilið Hallveigarstaðir

Hallveigarstaðir eru sjálfseignarstofnun, í eigu Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélagsins.

Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök til að koma saman. Þetta er fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka í landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfssemi, sem kvennasamtök þau, er að eigninni standa, gangast fyrir.

Arngrímsgata 3
107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kvennasogusafn@landsbokasafn.is
Vefsíða: www.kvennasogusafn.is

NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS



Náttúruminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna Íslands. Hlutverk þess er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess

að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Brynjólfsgata 5
107 Reykjavík
Sími: 577 1800
Netfang: natturuminjasafn@natturuminjasafn.is
Vefsíða: www.natturuminjasafn.is

SAFNARÁÐ

Meginhlutverk safnaráðs er að hafa eftirlit með safnastarfsemi, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir úr safnasjóði.

Suðurgata 41
101 Reykjavík
Sími: 530 2216
Netfang: safnarad@safnarad.is
Vefsíða: www.safnarad.is

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

ReykjavíkúAkademían er aðsetur sjálfstætt starfandi fræðimanna í hug- og félagsvísindum. Hún var stofnuð 7. maí 1997 en flutti inn í núverandi húsnæði í JL-húsinu við Hringbraut 9. nóvember 1998. Auk hinna sjálfstætt starfandi fræðimanna er fjöldi stofnana, félaga og fyrirtækja með aðsetur í húsnæðinu.



ReykjavíkúAkademían heldur ráðstefnur, skipuleggur fyrirlestra og kynningar á rannsóknnum félaga, og myndlistarsýningar í húsnæði RA eru fastur liður í starfseminni.

ReykjavíkúAkademían er byggð upp neðan frá, af fræðimönnunum sjálfum með þeirra eigin þarfir í fyrirrúmi. Hún er lýðræðislegur vinnustaður sem er óháður skipunum að ofan, frelsi í hugsun og hegðun er höfð í öndvegi. Vönduð fræðileg vinnubrögð eru viðhöfð í bland við frjóa umræðu sem byggir á því að RA er þverfagleg fræðastofnun, þar hittast daglega fulltrúar hinna ýmsu fræðigreina, mannfræði og bókmenntafræði, þjóðfræði og sagnfræði, stjórnmálafræði og guðfræði, svo eitthvað sé nefnt.

ReykjavíkúAkademían er annar stærsti vinnustaður hug- og félagsvísindamanna á landinu.

JL-húsið, Hringbraut 121
101 Reykjavík
Sími: 562 8561
Netfang: ra@akademia.is
Vefsíða: www.akademia.is

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Fornleifastofnun Íslands fæst við margvísleg verkefni á sviði fornleifafræði. Flest þeirra eru rannsóknartengd og fela oft í sér samstarf við innlendar og erlendar stofnanir.



Fornleifaskólinn var settur á stofn árið 1997, og hefur verið starfræktur á hverju sumri síðan þá. Hlutverk skólans er að auka þekkingu íslenskra og erlendra nemenda á íslenskri fornleifafræði.

Nemendur, hvaðanæva úr heiminum hafa tekið þátt í námskeiðum skólans þar sem þeim eru kennd undirstöðuatriði íslenskrar fornleifafræði. Skólinn starfar í fjórar vikur á hverju sumri og fá nemendur þjálfun í uppgrefti og fornleifaskráningu en einnig er kennt með fyrirlestrum, málstofum og verklegum tímum í umsjá fornleifafræðinga og annarra vísindamanna. Þátttakendur í fornleifaskólanum þurfa að hafa hafið nám í fornleifafræði og einnig er æskilegt að áhugasvið þeirra tengist íslenskri fornleifafræði, eða fornleifafræði Norður-Atlantshafsins

Bárugata 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@instarch.is
Vefsíða: www.instarch.is

LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Tilgangur Leikminjasafns Íslands er að skrá leikminjar, setja upp sýningar á leikminjum og leiklistarsögulegu efni. Safnið mun í því skyni safna, varðveita, skrá, rannsaka og sýna leiklistarsögulegar minjar og hvers konar gögn um leikhefðir og starf leikhúsa, leikhópa og leikfélaga, atvinnumanna jafnt og áhugamanna. Leikminjasafn Íslands sinnir ennfremur rannsóknum á leiklist og leiklistarsögu, útgáfu og fræðslustarfi fyrir almenning, skólanemendur og menntastofnanir.



Til leikminja teljast m.a. handrit, teikningar, ljósmyndir, prentuð gögn, líkön, leikbúningar og leikmunir, tækniúnaður, leikmyndir, ljósmyndir, hljóð- og myndupptökur, jafnt úr leikhúsum, útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum, er tengjast leiklistarstarfsemi. Til leiklistarstarfsemi teljast m.a. leikrit, óperur, óperettur, söngleikir, ballett, brúðuleikir, revíur og skemmtiefni, svo og allar listgreinar sem tengjast flutningi leikins efnis.

Hringbraut 121
107 Reykjavík
Sími: 511 2324
Netfang: leikminjar@akademia.is
Vefsíða: www.leikminjasafn.is

ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN

Landsbókasafn Íslands og bókasafn Háskóla Íslands eru í Þjóðarbókhlaðinu en söfnin voru sameinuð í þessari byggingu árið 1994.



Landsbókasafn safnar öllum íslenskum gögnum, varðveitir þau, skráir og flokkar. Það veitir einnig þjónustu við kennslu og rannsóknarstarfsemi Háskóla Íslands og heldur uppi bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsókna á Íslandi. Safnið leggur mikinn metnað í að viða að sér gögnum á öllum sviðum og búa þau í hendur notenda og stendur auk þess fyrir ýmiss konar fræðslu og menningarstarfsemi.

Innan Þjóðdeildar safnsins eru ýmis sérsöfn en meðal þeirra má telja Laxnesssafn og Kvinnasögusafn Íslands.

Arngrímshaga 3
107 Reykjavík
Sími: 525 5600
Fax: 525 5615
Netfang: upplys@landsbokasafn.is
Vefsíða: www.landsbokasafn.is

ÍSLENSKI FJALLAHJÓLAKLÚBBURINN



Klúbburinn samanstendur af breiðum hópi fólks sem hefur hjóltreiddamenningu að áhugamáli, vill auka veg reiðhjólsins sem samgöngutækis.

Klúbburinn er með opið hús á fimmtudögum kl 20:00 í klúbbhúsinu, Brekkustíg 2. Þar gefst kostur á að kynna öðru fólki með svipuð áhugamál yfir kaffibolla og tala um heima og geima, eða verða sér út um upplýsingar um athyglisverðar hjóllaleiðir, tæknileg málefni eða hvað eina tengt hjóltreidum.



Í klúbbhúsinu er að finna veglegt safn bóka og tímarita sem fjalla um flest það er tengist mál-efnum hjóltreiddamanna auk ferðamennsku og umhverfismála. Þar kemst fólk í viðgerðaraðstöðu, meðlimum að kostnaðarlausu.

Brekkustígur 2
101 Reykjavík
Sími: 562 0099
Netfang: ifhk@fjallahjolaklubburinn.is
Vefsíða: www.fjallahjolaklubburinn.is

KAYAKKLÚBBURINN

Kayakklúbburinn var stofnaður vorið 1981 og er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Starfsemi klúbbsins hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og eru virkir félagar nú um það bil 400.



Innan kayakíþróttarinnar eru nokkrar gerðir kayaka en hér á landi er aðallega lögð stund á róður á straumvatns- og sjókayökum. Klúbburinn hefur aðstöðu í Sundlaugunum í Laugardal, Geldinganesi þar sem er geymsluaðstaða fyrir 160 báta auk félags- og sturtuaðstöðu, í Nauthólsvík er búnings- og sturtuaðstaða ásamt geymslu fyrir 55 kayaka.

Nokkrar keppnir eru haldnar á vegum Kayakklúbbsins. Fyrst skal nefna Reykjavíkurbikarinn, tíu km kappróður fyrir vana og þrír km fyrir nýliða, sem haldin er í lok apríl / byrjun maí. Straumkayak kappróður er í Tungufljóti og síðustu keppnirnar eru Hvammsvíkurmarabon og Þjósár-Rodeo í byrjun september.

Nokkrar kayakferðir eru skipulagðar á hverju sumri, bæði á sjó og í ám. Allar upplýsingar um þessar ferðir og keppnirnar má finna í dagskrá klúbbsins.

Netfang: info@kayakklubburinn.is
Vefsíða: www.kayakklubburinn.is

BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL

Björgunarsveitin Ársæll varð til við sameiningu Björgunarsveitarinnar Ingólfs í Reykjavík og Björgunarsveitarinnar Alberts á Seltjarnarnesi. Eftir stendur ein mjög öflug björgunarsveit tilbúin til starfa á sjó og landi.



Starfi sveitarinnar er í dag skipt þannig að í Gaujabúð á Seltjarnarnesi eru bælistöðvar sjóhópa sveitarinnar og rústabjörgunarhóps. Þar hafa hóparnir til umráða tvo slöngubáta og harðbotna björgunarbát. Einnig starfar innan flokksins einn öflugasti kafarahópur sem starfar innan björgunarsveita hér á landi. Í Reykjavíkurbúð er svo staðsett björgunarskipið Ásgrímur S. Björnsson. Í bælistöð sveitarinnar Gróubúð, Grandagarði 1 er svo bælistöð land-, bíla- og beltahópa sveitarinnar. Þar eru til taks sérþjálfaðir menn á sviði fjallabjörgunar, auk sérhæfðra leitar- og skyndihjálparhópa.

Gróubúð - Grandagarður 1
101 Reykjavík
Sími: 561 2020 og 562 2070
Netfang: bjsv@bjorgunarsveit.is
Vefsíða: www.bjorgunarsveit.is

LÖGGÆSLA

Frá lögreglustöðinni á Hverfisgötu 113-115 í Reykjavík (lögreglustöð 1) er sinnt verkefnum í stórum hluta borgarinnar (Vesturbær, Miðborg, Hlíðar, Laugardalur og Háaleiti) og á Seltjarnarnesi. Þar eru bæði almennt svið (sólarhringsvaktir-útköll) og rannsóknarsvið.



Hverfisgata 113-115
105 Reykjavík
Sími: 444 1000
Netfang: rafn.gudmundsson@lrh.is
Netfang: johann.karl@lrh.is
Vefsíða: www.logreglan.is

ÆTTFRÆÐIÞJÓNUSTA

ORG - ættfræðiþjónustan ehf er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ættrakningum og söfnun allra þeirra ættfræðigagna sem Íslendinga varðar og þar með eru talin gögn um Vestur-Íslendinga.

Þá er átt við allt það fólk sem þetta land byggir og hefur byggt, forfeður þeirra erlendis og afkomendur þeirra og allt fólk er því tengist og unnt er að afla upplýsinga um.

ORG-ættfræðiþjónustan ehf býður einstaklingum upp á ættrakningar gegn vægu gjaldi. Framkvæmdastjóri og aðaleigandi ORG-ættfræðiþjónustunnar er Oddur Helgason ættfræðingur og f.v. sjómaður.



Hús ÍTR v/Skeljanes
107 Reykjavík
Sími: 551 4440
Netfang: org@simnet.is
Vefsíða: www.simnet.is/org

ENDURVINNSLA



Endurvinnslan sér um móttöku, allra einnota drykkjarvöruumbúðum hérlandis, greiðir út skilagjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu.

Frá stofnun Endurvinnslunnar hefur fyrirtækið lagt metnað í að styðja við góð málefni. Fjölmarginar aðilar treysta á tekjur af umbúðasöfnun í starfsemi sinni eins og t.d. íþróttafélög, björgunarsveitir, skátahreyfingin ofl.

Með umbúðasöfnun hefur tekist að forða landinu frá því að umbúðir liggi á víðavangi eða fylli ruslahauga þannig að umbúðasöfnun er mikið átak í náttúruvernd. Endurvinnsla sparar einnig orku sem annars færi í að frumvinna efni á nýjan leik.

Ánanaust
101 Reykjavík
Sími: 520 2200
Netfang: sorpa@sorpa.is
Vefsíða: www.sorpa.is



Reykjavíkurborg

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Hjarðarhagi 45-47
107 Reykjavík
Sími: 411 1700
www.reykjavik.is
vesturgardur@reykjavik.is